

Er Alþingi sama um alþýðuna?

Á verkalýðshreyfingin sér bandafólk á þingi?
Af hverju er enginn íslenskur verkamannaflokkur?
Að vera í flokki eða ekki í flokki?



Tímarit AFLs er helgað breytingum sem framundan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Að þessu sinni er tekið fyrir samband stjórn mála og verkalýðsmála og velt upp þeirri spurningu hvort áhrifamáttur verkalýðshreyfingarinnar sé dvínandi. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag

Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson

Ritstjórn og efnisvinnsla: Útgáfufélag Austurlands

Höfundar efnis og mynda: Útgáfufélag Austurlands og AFL Starfsgreinafélag nema annað sé tekið fram.

Prófarkalestur: Bókstafur

Upplag: 5.500 eintök

Umbrot: Augasteinar

Prentun: Héraðsprent

Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar.



Til góðra verka

Meðal efnis

Er Alþingi sama um alþýðuna?



Skorið á milli verkalýðs og þingflokka

- Að vera í flokki eða ekki í flokki

4



Samtalið mikilvægt

- Þjóðarsáttin var afar merkileg aðgerð

16



10

Sagan á Íslandi


- Aldrei verið flokkur sem barðist gegn því að fólk væri í verkalýðsfélögum



18

Baráttumálum komið áfram í gegnum pólitíkina

- Þarf að vera hægt að útskýra lífeyrissjóðakerfið á kaffistofunni



28

Austfirskar erjur

- Þegar jafnaðarmannafélag gerði kjarasamning



24

Staðan í dag

- Hlutverk ASÍ að standa vörð um hlutverk almennings




32

Happadrjúgar og nauðsynlegar sameiningar

- Sigurður Hólm Freysson, Eskifirði

Hvaða bakgrunn hafa Alþingismennirnir?

Tímarit AFLs kannaði hvaða menntun nýkjörnir þingmenn hafa. Ein stétt er öðrum meira áberandi. Sumir hafa menntun úr ólíkum áttum eða völdu sér starfsferil sem leiddi þá í aðrar áttir. Í öllum tilfellum var reynt að miða við hæsta menntunarstig sem þingmennirnir höfðu lokið, eða var einkennandi fyrir starfsferil þeirra fyrir þingmennskuna. Í æviágripi tveggja þingmanna var komið inn á trúnaðarstörf fyrir verkalyðshreyfinguna, að hafa setið þing ASÍ.



- Lögfræði 17, ● Viðskiptafræði 6, ● Hagfræði 5, ● Líffræði- og umhverfisfræði 4,
- Kennslufræði 4, ● Stjórn málafræði eða heimspeki 4, ● Gagnfræði- eða stúdentspróf 4,
- Landbúnaðarfræði 3, ● Tölvunarfræði 2, ● Mannfræði 2,
- Bókmenntafræði eða málvísindi 2, ● Arkitekt 2,
- Stjórnunarfræði, Fatahönnun, Lýðheilsufræði, Dýralæknir, Fötlunarfræði, Lögreglugám, Hótel- og veitingarekstur, Tónlist, 1 hver.

Að vera í flokki eða ekki í flokki?



*Stefan Löfven fór beint úr forustu
verkalýðshreyfingarinnar í formennsku sænskra
jafnaðarmanna. Mynd: CC 4.0/Wille Öhgren*

Í Tímariti AFLs veltum við upp spurningum um völd og áhrif verkalýðshreyfingarinnar í samfélaginu í dag og bentum á hvernig fjármagnseigendur og alþjóðleg fyrirtæki hafa gert sitt til að ná trompunum á sínar hendur. Að þessu sinni beinum við kastljósinu að samspili verkalýðshreyfingar og hinna formlegu pólitísku baráttu, það er inn á vettvang stjórnmálanna. Eru eða eiga að vera tengsl á milli hreyfingar og flokka og eiga þau að vera formleg eða óformleg?

Í umræðunni um tengsl verkalýðshreyfingarinnar og stjórnmálanna gleymist það stundum, að jafnaðarmannaflokkarnir voru almennt stofnaðir sem pólitískur vettvangur verkalýðshreyfingarinnar, ýmist af samtökunum sjálfum eða forystumönnum hennar. Hér á landi var þetta í upphafi með þeim hætti að Alþýðuflokkurinn var pólitískur vettvangur Alþýðusambandsins, þar sem sami einstaklingur gegndi embætti forseta ASÍ og formanns Alþýðuflokksins. Annars staðar á Norðurlöndunum og í Bretlandi var þetta ekki svona beint, heldur átti verkalýðshreyfingin sjálfstæða stöðu innan valdakerfis flokkanna – bæði á þingum og í stjórn. Sjaldgæft var hins vegar að flokkarnir ættu „formlega“ fulltrúa í valdakerfi verkalýðshreyfingarinnar, en þess gætt innan hreyfingarinnar að flokksmenn úr þessum flokkum héldu völdum. Þó voru mörg dæmi þess að tekist var á um forystu stéttarfélaganna á flokkspólitískum forsendum, einkum hér á landi.

Þegar við litum í kringum okkur til helstu nágrannalanda er ljóst að á þessu eru margar hliðar.

Bæði í Bretlandi og Noregi eru tengslin nokkuð formleg og gengur stjórnmalaflokkur jafnaðarmanna undir nafni Verkamannaflokksins. Nafnið vitnar um sterk tengsl verkalýðshreyfingarinnar við stjórnmalin, þótt þessi tengsl hafi vissulega breyst nokkuð síðustu ár. Í þessum löndum, auk Svíþjóðar og Finnlands, hafa þessi tengsl verið formleg, verkalýðshreyfingin hefur átt frátekin sæti í stjórnnum flokkanna og valdakerfi hreyfingarinnar mótast mjög af hópum sem eru bundnir þessum flokkum. Að auki hefur hreyfingin veitt töluverðum fjármun í flokksstarfið. Í Danmörku voru tengslin milli alþýðusambandsins (LO) og jafnaðarmanna ámóta formleg fram til ársins 2002, en þá var ákveðið að skera á formlegu tengslin og hætta að veita fjárhagslegan stuðning til flokksins í kjölfar mikillar óánægju innan raða verkalýðshreyfingarinnar. Frá þeim tíma hafa tengslin milli forystu alþýðusambandsins og jafnaðarmanna verið óformleg, en þó bæði sýnileg og sterk.

Sem dæmi um þessi tengsl má nefna að þrír síðustu forsætisráðherrum danskra sósíaldemókrata, þau Paul Nyrup Rasmussen, Helle Thorning-Schmidt og Mette Fredrikssen voru starfsmenn danska alþýðusambandsins áður en þau settust á þing.

Rætur Stefans Löfvens, fráfarandi forsætisráðherra Svíþjóðar, eru í verkalýðshreyfingunni. Saga hans er um margt áhugaverð. Faðir hans lést áður en Stefan fæddist og var hann fljótt settur á munaðarleysingjahæli. Hann ólst upp hjá fósturfjölskyldu en nam síðan járnsmíði hjá menntamiðstöð atvinnulausra. Löfven hóf snemma afskipti af verkalýðsbaráttu

og vann sig þar smá saman upp metorðastigann uns hann var, árið 2005, kjörinn formaður járníðnaðarfólks. Hann var því ekki þingmaður þegar framkvæmdastjórn flokksins lagði til að hann yrði formaður sósíaldemókrata, sem þá voru í stjórnarandstöðu, snemma árs 2012. Eins og áður sagði hafa tengslin milli verkalýðshreyfingarinnar (LO) og flokksins alltaf verið sterk og sigur formaður LO í stjórn flokksins auk þess sem bæði LO og aðildarfélag leggja sósíalkrötum til fjármagn.

„Bæði í Bretlandi og Noregi eru tengslin nokkuð formleg og gengur stjórnmalaflokkur jafnaðarmanna undir nafni Verkamannaflokksins.“

Vendipunktur Blair

Í Bretlandi eru sterk tengsl, bæði formleg og fjárhagsleg, milli verkalýðsfélaganna og Verkamannaflokksins. Þar eru einstök aðildarfélag TUC (breska alþýðusambandið) beinir aðilar að Labour í gegnum TULO (The Trade Union & Labour Party Liaison Organisation), eins konar einskonar regnhlífasamtök sem samræma þátttöku þeirra tólf félaga og sambanda sem aðild eiga að flokknum. Í Bretlandi hafa verkalýðsfélögin sætt vaxandi þrýstingi félagsmanna sinna um að draga úr fjárframlögum til flokksins og beina þeim frekar í áttir sem endurspegli skoðanir félagsmanna. Sérstaklega hefur



Stjórnmalaprófið

Taktu stjórnmalaprófið!

Hvað finnst þér?

Í gegnum blaðið finnur þú 7 spurningar. Svarir þú þeim öllum og telur saman stigin sem gefin eru upp aftast í blaðinu færðu vísbendingu um hvaða stórnám þú aðhlyllist. Þetta eru ekki hárnákvæm vísindi, en líklega verður þú hissa á niðurstöðunni.

1.

Hvað eiga notendur að borga fyrir heilbrigðisþjónustu?

- a.** Ekkert.
- b.** Lítið fyrir komu á heilsugæslu, ekkert fyrir alvarlegri veikindi.
- c.** Kostnaðarverð fyrir komu, lítið fyrir alvarlegri veikindi.
- d.** Kostnaðarverð fyrir alla þjónustu. Þeir sem vilja niðurgreiðslu tryggja sig.

verið tekist á um þetta í Skotlandi, þar sem Skoski þjóðarflokkurinn hefur verið á mikilli siglingu. Þannig var félag farmanna (RMT) rekið úr flokknum fyrir að leyfa undirfélögum sínum í Skotlandi að halla sér um of að þjóðarflokknum.

Það gerðist árið 2004 þegar Tony Blair var formaður Verkamannaflokksins. Í ævisögu sinni segir Blair, sem stefnubreytingar jafnaðarmanna í átt að miðju á tíunda áratug síðasta áratugar eru kenndar við, að hann hafi talið tíma til kominn að skera á tengsl verkalýðsfélaganna við flokkinn. Hann lýsir þeim sem of gamaldags og íhaldssömum sem leiddi til þess að Verkamannaflokkurinn gat ekki sótt inn á miðjuna sem var eini möguleiki hans til að koma Íhaldsflokknum frá völdum. Blair var formaður Verkamannaflokksins þegar hann náði aftur meirihluta á breska þinginu árið 1997 eftir átján ára samfellda stjórn Íhaldsmanna.

„Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina komið mörgum framfaramálum á dagskrá, veri það veikindaréttur, vinnutími eða húsnæðismál.“

Alþýðan

Hérlandis segja nöfnin Alþýðuflokkur og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) sína sögu um að stutt hafi verið á milli. Flokkurinn var eins og áður sagði stofnaður sem stjórn málaafli verkalýðshreyfingarinnar. Á kreppuárunum milli 1930-40 óx kommúnistum mjög fiskur um hrygg

hérlandis. Þeir náðu víða góðum ítökum í verkalýðsfélögunum. Þótt bæði sósíaldemókratar og kommúnistar eða sósíalistar séu skilgreindir á vinstri helmingi stjórnmalanna, hefur löngum verið grunnt á því góða milli þessara fylkinga. Þannig var það á kreppuárunum og má rekja til þeirra átaka sem urðu milli þessara fylkinga víða um heim. Í Neskaupstað voru afar harðvítugar deilur og klofningur í verkalýðsfélaginu. Fór þar, líkt og fleiri bæjarfélögum, að tvö verkalýðsfélög voru, annað fyrir féлага í Alþýðuflokknum, hitt fyrir kommúnista. Í lögum Alþýðusambandsins var þannig beint ákvæði um að viðkomandi félagsmenn aðildarfélaganna væru í Alþýðuflokknum. Því höfðu þessi átök mikil áhrif á stærð Alþýðusambandsins.

Skilur á milli

Lausnin á þessum deilum var sú að skilja formlega á milli Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins. Ferlið hófst árið 1938 og lauk á þingi sambandsins árið 1940. Aðildarfélögum ASÍ fjölgaði hratt eftir þetta, en batt þó ekki endann á flokkspólítísk átök innan ASÍ um stjórn og áhrif í einstaka stéttarfélögum, sem litaði einnig átök á vettvangi vinstri vængs stjórnmalanna sjálfra. Yfirleitt voru þessi átök milli krata og komma, en í einstaka félögum höfðu Sjálfstæðismenn eða Framsóknarmenn sterk ítök.



Auglýsing frá dönskum sósíaldemókrötum fyrir kosningar 1932.

Lengi vel stóðu vinstrimenn gegn aðild stóru verslunarmannafélaganna að ASÍ, en þegar Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) gekk í ASÍ upp úr 1960. Það var ekki þrautalaust. LÍV og VR fengu inngöngu eftir að Félagsdómur hafði úrskurðað að ASÍ væri óheimilt á grundvelli eigin laga og samþykktu að standa gegn aðild þeirra. Andstaðan við LÍV og VR var mikil, enda félög verslunarmanna gjarnan talin frekar hægri sinnuð. Því óttuðust vinstri menn að missa ítök innan ASÍ innan þeirra.

Í Sögu Alþýðusambands Íslands, sem kom út árið 2013, er að finna nokkra kafla um samspil stjórnmalanna, hinna formlegu í landinu en einnig hvernig þau hafa birst á vettvangi Alþýðusambandsins í gegnum tíðina. Höfundurinn, Sumarliði Ísleifsson, segir að í kjölfar inngöngu LÍV hafi heldur dregið úr átökum innan ASÍ og samkomulag hafi orðið milli pólitískra fylkinga að innan valdastofnana verkalýðshreyfingarinnar sætu fulltrúar stjórnmalaflokkanna í samræmi við styrk þeirra. Hann telur umskipti hafa orðið þegar Ásmundur Stefánsson varð forseti ASÍ árið 1980. Ljóst er þó af heimildum og samtölum sem Tímarit AFLs hefur átt, að flokkarnir héldu ítökum öllu eða reyndu að hafa áhrif lengur en þegar komið er fram undir aldamót er því að mestu lokið.

Ljóst er þó að það forystufólk sem Tímarit AFLs hefur rætt við telur það hafa verið kost að svo snemma slitnaði milli ASÍ og Alþýðuflokksins. Þetta hafi gert íslensku verkalýðshreyfingunni betur kleift að vinna með ólíkum stjórnmalaflokkum. Í sögu ASÍ skrifar Sumarliði að með tilkomu Ásmundar hafi ríkisstjórnir verið metnar sem samningsaðilar, en ekki samherjar eða andstæðingar. Mögulega átti það sinn þátt í hinni breiðu fylkingu sem kom þjóðarsáttinni á árið 1990 og markaði upphaf efnahagslegs stöðugleika hérlends.

Í fri frá ASÍ til að verða ráðherra

Í upphafi var það þannig að verkalýðshreyfingin sóttist eftir að koma sínu fólki í bæjarstjórnir og á Alþingi. Lengi var það svo að formenn verkalýðsfélaga áttu jafnframt sæti á Alþingi, gjarnan fyrir Alþýðuflokkinn. Tengslin voru þó víðar, Hannibal Valdimarsson var forseti ASÍ og formaður Alþýðuflokksins og formaður kosningabandalagsins við Alþýðubandalagið á sama tíma. Eftir að

Alþýðubandalagið var gert að formlegum flokki sögðu Hannibal og Björn Jónsson skilið við flokkinn og stofnuðu Samtök frjálslyndra og vinstrianna. Björn tók síðar við af Hannibal hjá ASÍ. Hann sat á Alþingi samhliða forsetastörfunum, en en tók sér stutt hlé til að verða

félagsmálaráðherra. Í sögunni segir einnig frá því að árið 1976 hafi tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem þá stóð í efnahagsaðgerðum sem vöktu litla hrifningu víða í verkalýðshreyfingunni, átt sæti í miðstjórn ASÍ. Stemmingin á þeim fundum kann að hafa verið súr.

Fyrir alþýðu á Alþingi

Jóhanna Sigurðardóttir



Jóhanna starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum 1962-1971 og á skrifstofu Kassagerðar Reykjavíkur 1971-1978. Samhliða þessu var hún í stjórn Flugfreyjufélagsins 1966-69, þar af formaður bæði 1966 og 69. Árið 1974 voru Svölurnar, félag fyrrverandi og starfandi flugfreyja, stofnað en samhliða félagsstarfinu safnar félagið fé og gefur til góðgerðarmála. Jóhanna var í fyrstu stjórninni og sat til 1976, þar af árið 1975 sem formaður. Hún sat síðan í stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur 1976-1983.

Jóhanna settist fyrst á þing fyrir Alþýðuflokkinn árið 1978. Hún klauf sig úr flokknum eftir ósigur í formannslag og stofnaði Þjóðvaka sem síðar rann inn í Samfylkinguna. Eftir ósigurinn sagði Jóhanna að hennar tími myndi koma, sem hann gerði 2009 þegar hún varð formaður Samfylkingarinnar og forsætisráðherra. Því embætti gegndi hún til 2013.

Þegar Samfylkingin var stofnuð um aldamótin beittu ýmsir í forystusveit ASÍ sér fyrir sameiningu Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Kvinnalista og Bandalags jafnaðarmanna og töldu tíma til kominn að hér yrði til sterkur jafnaðarmannaflokkur sem gæti fylgt málefnum launafólks betur

eftir á vettvangi stjórnmalanna líkt og á hinum Norðurlöndunum. Ekki urðu þessi tengsl þó formleg á annan hátt en þann, að stofnað var verkalýðsmálaráð innan flokksins þar sem stjórnarmenn og starfsmenn í verkalýðshreyfingunni áttu jafnan sæti.

Framfaramál hreyfingarinnar

Af þessu öllu má ráða að þótt tengslin hérlendis, milli stjórnmalá og verkalýðshreyfingarinnar, hafi ekki verið jafn formleg og augljós og í löndunum í kringum okkur, hafa þau verið mikil í gegnum tíðina. Eins og Drífa Snædal, núverandi forseti ASÍ segir, þá er síður en svo skoðanalaust fólk í hreyfingunni. Munurinn er hins vegar sá að tengslin hérlendis hafa verið fjölbreyttari því þingmenn úr ólíkum flokkum hafa haft reynslu af verkalýðsstarfi. Það hefur oft komið hreyfingunni til góðs þegar standa hefur þurft vörð um hagsmunum hennar og tryggja skilning á þeim inni á Alþingi.

Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina komið mörgum framfaramálum á dagskrá, veri það veikindaréttur, vinnutími eða húsnæðismál. Sumt af þeim hefur verið hægt að semja um í kjarasamningum, önnur ekki, því þótt starfskjör séu hluti af lífskjörum eru ekki öll lífskjör starfskjör. Þá hefur riðið á að fá eftir atvikum sveitastjórnir, Alþingi eða ríkisstjórnir að borðinu til að tryggja málunum framgang. Svo er spurning hver eignar sér heiðurinn, þingmennirnir eða hreyfingin.

En stundum væri gott að eiga hönk upp í bakið á flokki sem tæki beint upp málefni verkalýðshreyfingarinnar. Í Noregi mætir formaður Verkamannaflokksins á þing alþýðusambandsins og gerir grein fyrir hversu langt hefur tekist að þoka baráttumálum sambandsins, sérstaklega þegar flokkurinn hefur verið í stjórn. Hérlendis er ekki alltaf augljóst hvernig áherslumálum verkalýðshreyfingarinnar er fylgt eftir.

Rof milli stétta?

Það leiðir hugann að því hvernig staðan er í dag. Hvernig er til dæmis

Fólkið í AFLi

Fanney Ingibjörg Bóasdóttir

Í stjórn AFLs og trúnaðarmaður.
50 ára, félagsliði á hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum.
Búsett á Fljótisdalshéraði.

Hver eru þín áherslumál í stjórn AFLs?

Réttindi okkar og kjör eru mitt kappsmál. Ég hef brennandi áhuga á verkalýðsmálum, bæði launum og öðrum málum. Að hafa verið kjörin í stjórn finnst mér merki um að hafa gert eitthvað sem fólk er ánægt með, að minnsta kosti hafa mætt á fundi og látið í sér heyra.

Af hverju tekur þú þátt í starfi AFLs?

Ég ólst upp í verkalýðsmálum því pabbi var formaður Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar. Áhuginn kviknar þegar þetta er inni á heimili manns sem barns. Þegar maður byrjar að vinna fer maður að spá í kaup og kjör. Ég dróst síðan inn í starfið þegar ég var kosinn trúnaðarmaður á sjúkradeildinni á Egilsstöðum árið 2001. Ég hafði unnið þar í hálf t.ár.



bakgrunnur alþingismanna? Hversu mikinn skilning hafa þeir á tungutaki verkalýðshreyfingarinnar eða helstu baráttumálum launafólks, svo sem lífeyrismálum, húsnæðismálum og fleiru. Á hún sér bandamenn þegar á þarf að halda? Samkvæmt samantekt okkar eiga hafa tveir af nýkjörnum þingmönnum að baki trúnaðarstörf innan verkalýðsfélaga.

Víða erlendis virðist taugin vera að slitna, eða í það minnsta trosna, á milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórn málaflokka hennar. Hér að framan voru nefnd dæmi um hvernig skosk verkalýðsfélög hafa hallað sér að Skoska þjóðarflokknum og félagar annars staðar á Bretlandseyjum krafist þess að hreyfingin beini stuðningi sínum á fleiri staði til að endurspegla litróf félagsmanna.

„Hreyfingin þarf því á því að halda að framafólk hennar leiti inn á hinn pólitíska vettvang til að halda uppi hennar málefnum.“

Svipað hefur gerst á Norðurlöndunum. Í Danmörku nýtur Danski þjóðarflokkurinn mikils stuðnings meðal félaga í verkalýðsfélögum – einkum fjölmenn félög ófaglærðra. Í Svíþjóð eru það Svíþjóðardemókratarnir. Hvort tveggja eru flokkar sem þykja ekki finir, hafa alið á fordómum og ótta í garð útlendinga og svo er litið niður á þá að millistétin telur það fyrir neðan sína virðingu að ræða um þá.

Þetta bendir til þess að rof hafi orðið milli stétta. Stór hluti millistéttarinnar, börn alþýðufólks, njóta ávaxta baráttu fyrri kynslóða og geta menntað sig en virðist gleyma upprunum eða samkenndinni. Leiðtogar jafnaðarmanna á Norðurlöndunum hafa farið flatt á að reyna ávarpa alþýðufólk með tyrfnum úrskýringum hinna langskólagengnu meðan aðrir hafa náð til þess með að leyfa hjartanu að tala óritskoðað.

Hver hugsar um hvern?

Hún er áleitin spurningin um hvort verkalýðshreyfingin eða hennar flokkar hafi snúið baki við alþýðunni, sem hún ætti að vera berjast fyrir, eða öfugt. Hefur rof orðið við kjarnafylgið? Hver hefur fjarlægst hvern?

Hérlendis hefur í það minnsta aldrei myndast öflugur verkamannaflokkur, ólíkt því sem gerist í nágrannalöndunum. Svo virðist sem tilraun forystumanna hreyfingarinnar að stuðla að sameiningu vinstri manna í Samfylkinguna hafi mistekist. Rifja má upp mikil átök milli forustu ASÍ og ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún stóð fyrir skattlagningu á lífeyrissjóðunum. Þótt flestir virðist telja það geti verið til góðs að rækta með formlegri hætti slík tengsl milli hreyfingar og flokks er líka ljóst að það getur orðið verkalýðshreyfingunni fjötur um fót. Hún þarf að halda vöku sinni til að tryggja skilning á baráttumálum sínum og hagsmunum alþýðunnar inni á Alþingi, því nóg er af öðrum öflum sem tilbúin eru að leggja mikið á sig til að fylla upp í það tómarúm.

Hreyfingin þarf því á því að halda að framafólk hennar leiti inn á hinn pólitíska vettvang til að halda uppi hennar málefnum. Stóra spurningin er hvort og hvernig hreyfingin getur stuðlað að framgangi þess.



Stjórn mála- prófið

2.

Hvernig eiga laun á vinnumarkaði að vera?

- a. Allir hafi nánast sömu laun.
- b. Stuðla á að launajafnrétti í gegnum skattkerfið, svo sem með barna- og húsnæðisbótum.
- c. Fólk á að hafa laun samkvæmt menntun, reynslu og þekkingu.
- d. Fólk á að hafa laun samkvæmt eftirspurn eftir starfskröftum þess og afköstum.

3.

Hvað með einkarekstur í menntakerfinu?

- a. Nei, alls ekki.
- b. Einkaskólar mega vera til, en áherslan á að vera á opinbera kerfið. Skólagjöld eiga alls staðar að vera mjög lág.
- c. Einkaskólar eru eðlilegur hluti af frjálsu vali en að sama skapi er eðlilegt að þeir sem þá vilja borgi.
- d. Hvetja á til einkareksturs. Notendagjöld miðist við kostnað.



Ásmundur Stefánsson

Aldrei verið flokkur sem barðist gegn því að fólk væri í verkalýðsfélögum

Mynd: Kristinn Magnússon

Fáir munu vera fróðari um sögu verkalýðs-hreyfingarinnar á Íslandi heldur en Ásmundur Stefánsson, sem var formaður Alþýðusambands Íslands frá 1980-1992. Sem slíkur kom hann að gerð þjóðarsáttarinnar árið 1990 sem byggði á samvinnu margra og ólíkra aðila. Hann telur að sú staðreynd að hérlendis slitnaði snemma milli Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins hafa orðið til þess að búa til sátt um íslensku verkalýðsfélögin.

„Þegar verkalýðsfélögin voru stofnuð í byrjun tuttugustu aldarinnar urðu þau um leið pólitískt öfl. Þau buðu fólk fram til setu í bæjarstjórnnum og Alþingi með ágætum árangri í til dæmis Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði og Akureyri. Þegar ASÍ er stofnað árið 1916 eru samtök verkalýðsfélaga og Alþýðuflokksins sama fyrirbærið. Forseti ASÍ var líka formaður Alþýðuflokksins.

Þarna slitnar á milli á kreppuárunum upp úr 1930 þegar fylgi við kommúnista eykst. Þá fer pólitískur klotningur í samfélaginu að verða áberandi innan verkalýðsfélaganna og erfiðra að halda þeim saman. ASÍ setur þá reglu að þeir sem tækju að sér verkefni fyrir sambandið skrifuðu undir stefnuskrá Alþýðuflokksins, sem jafnframt var stefnuskrá ASÍ. Á stöðum þar sem kommúnistar voru með verkalýðsfélögin á sínu valdi var forustunni úthýst úr ASÍ og stundum stofnaði ASÍ önnur félög á staðnum.

Óánægjan með þessa skipan verkalýðshreyfingarinnar kom ekki bara frá kommúnistum heldur líka Framsóknarmönnum og Sjálfstæðismönnum sem töldu sig eiga sama rétt og aðrir í verkalýðsstarfi. Í Hafnarfirði verður hálfgerð stríð milli þessara fylkinga. Sósíalistar og Sjálfstæðismenn taka þar höndum saman um andóf við kratana sem réðu bæjarútgerðinni og atvinnulífínu,“ segir Ásmundur.

Átökin minnka á sjöunda áratugnum

Árið 1940 var samþykkt að slíta formlegu tengslin milli Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins og gekk það í gildi tveimur árum síðar. „Árið 1940 er tekin ákvörðunin um að opna ASÍ þannig allir geti verið í sambandinu, óháð því hvað þeir kjósa. Eftir það gátu félög undir forystu annarra en Alþýðuflokksmanna orðið virk í sambandinu og fólk með ólíkar pólitískar skoðanir varð kjörgengt á þinginu 1942. Síðan hefur ASÍ verið vettvangur fólks með mismunandi pólitísk sjónarmið. Um leið og þessi aðgreining verður milli stjórnmalanna og verkalýðshreyfingarinnar byrja menn að takast á eftir flokkslínunum innan hreyfingarinnar. Það leiðir til mikils innbyrðis stríðs sem tók mikið til sín.

Það var bitist innan aðildarfélaganna og það var þeim oft mjög erfitt. Flokkspólitískur ágreiningur kemur ótrúlega lítið fram í samningagerð félaganna en þeim mun meira í átökum á þingum ASÍ. Stundum snérist umræður á þingi ASÍ meira um pólitísk deilumál en það sem var að gerast innan hreyfingarinnar. Lengi voru til dæmis greidd atkvæði um afstöðu til hersettunnar. Í kjarasamningum var ASÍ oft áhorfandi. Kommúnistarnir voru ráðandi í öflugustu félögum eins og Dagsbrún sem voru

mest tilbúin í átök og réðu þannig hvert samningarnir stefnu.

Á hverju ári voru flokkspólitísk átök í flestum stéttarfélögum og annað hvert ár um fulltrúakjör á þing ASÍ. Allir flokkar reyndu að koma sínum mönnum að og útiloka pólitíska andstæðinga. Öflugir, duglegir og framtakssamir menn voru frystir úti ef þeir höfðu aðrar flokkspólitískar skoðanir en forysta félagsins. Þegar kemur fram yfir 1960 fara menn innan hreyfingarinnar að þreystast á þessum innri deilum og það dregur úr flokkspólitískum flokkadráttum.

Annað sem breyttist á vettvangi ASÍ var að um miðjan sjöunda áratuginn var Landsamband íslenskra verslunarmanna (LÍV) tekið inn í ASÍ eftir miklar deilur sem enduðu með því að LÍV var dæmt inn. Það er fráleitt að halda öðru fram en

„Öflugir, duglegir og framtakssamir menn voru frystir úti ef þeir höfðu aðrar flokkspólitískar skoðanir en forysta félagsins.“

að andstaðan við aðild verslunarmanna hafi að mestu verið af pólitískum toga en með tilkomu verslunarmanna sá vinstri armurinn í ASÍ fram á að veikjast.

Á sjöunda áratugnum minnka flokkspólitísku átökin. Kosningar í stéttarfélögum verða frekar vegna persónulegs ágreinings en flokkspólitískra deilna. Reynt er að tryggja félagslega breidd í stjórnunum félaganna og tryggja að fulltrúar af stærstu vinnustöðunum komist að borðinu.

Þegar ég byrja að vinna sem hagfræðingur hjá ASÍ árið 1974 eru þessi pólitísku átök að mestu aflögð, þótt ákveðin pólitísk togstreita ríkti áfram í öllum málum. Menn skipuðu sér mikið í hópa

eftir flokkspólitískum línunum, þótt hóparnir væru farnir að riðlast þannig að flokkarnir gátu ekki gengið lengur að sínu fólki með sama hætti og áður.“

Ásmundur er einn þeirra sem telur það að slíta á milli ASÍ og stjórnmalaflokkanna strax um 1940 hafi verið gæfuspor. „Eitt af því sem þetta leiddi af sér var að enginn flokkur barðist gegn því að fólk væri í stéttarfélögum, eins og við þekkjum utan úr heimi. Allir flokkar reyndu að koma sínu fólki til áhrifa innan hreyfingarinnar. Ég held að þetta hafi átt sinn þátt í hversu góð sátt hefur verið um verkalýðsfélögin hérlandis,“ segir hann.

Lífskjör og starfskjör

Ásmundur segir að í árdaga hafi verkalýðshreyfingin haft ærna ástæðu til að beita sér fyrir því að koma sínu fólki að í bæjarstjórnunum og á þingi. Í gegnum tíðina hafi mörg framfarumál verið tekin upp af hreyfingunni og þrýst á kjörna fulltrúa að fylgja þeim eftir.

„Fyrstu fulltrúar hreyfingarinnar í sveitastjórnunum gerðu kröfur um úrbætur í húsnæðismálum. Það var alls staðar. Fulltrúarnir í Reykjavík tóku líka ítrekað upp hversu erfitt var að fá almennilegan fisk og mjólk. Þessar vörur voru illa geymdar.

Síðar koma tilraunir með verkamannabústaði. Byrjað var með það mál á vettvangi sveitarfélaganna en það tókst ekki að ná árangri fyrr en lög voru sett á Alþingi sem tryggðu fjárhagslegan stuðning við verkefnið.

Þetta er ekki beinn hluti starfskjara en vissulega lífskjara. Í gegnum samskipti við atvinnurekendur er aðeins hægt að ákveða hluta lífskjara. Atvinnurekendur eiga erfitt með að sjá starfsfólki fyrir húsnæði og hafa ekki með það að gera hvernig mjólk er geymd.“



Ásmundur, standandi á fundi um þjóðarsáttina. Mynd: ASÍ

Verkalýðshreyfingin skilgreinir framfaramálin

Hann bendir á að oft séu mál fyrst sé samið um mál að hluta í kjarasamningum en síðan fylgt eftir með löggjöf frá Alþingi.

„Samhliða kjarasamningum hefur oft verið samið um félagslegar úrbætur. Á Íslandi er það þannig að verkalýðsfélögin setja fram kröfur, sundum er samið um

þær í kjarasamningum en aðrar eru teknar fyrir á þingi. Svona er farið áfram skref fyrir skref. Vinnutími var að hluta til ákveðinn í samningum í byrjun en síðan lögfestur að lokum. Sama á við um veikindarétt, atvinnuleysisbætur og í raun almannatryggingakerfið.

Í kjarasamningum er ekki hægt að ákveða að næg atvinna sé til staðar eða hagvöxtur þróist þannig að hægt sé að standa undir vaxandi lífskjörum. Þannig er um mörg mál

að erfitt er að taka á þeim nema á breiðum samfélagslegum grundvelli.“

Misjafnt er hvernig þær ríkisstjórnir hafa verið skipaðar sem tekið hafa þessi mál upp á sína arma og komið þeim í gegn. „Þegar tekist er á við stjórnvöld er það ekki alltaf þannig að pólitískir samherjar séu við völd, það verður að vinna eins og staðan býður. Sósíalistar af höfuðborgarsvæðinu, með stuðningi krata, voru til dæmis að baki kröfunum um atvinnuleysistryggingarnar

en þá sat ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Það er engin vafi að þekking á málefnum verkalýðsfélaganna skiptir máli en það gerist ekki alltaf í gegnum beina pólitíska línu. Eðvarð Sigurðsson Alþýðubandalagsmaður og Guðmundur Garðarsson Sjálfstæðisflokki vöktuðu til dæmis sem þingmenn allt þar sem snéri að lífeyrissjóðunum.“

„Þjóðarsáttin var félagsleg lausn í breiðu samstarfi og hefði því aldrei verið hægt að gera bara við skrifborð í Reykjavík.“

Erfitt að gera áætlanir í 100% verðbólgu

Ásmundur var forseti Alþýðusambandsins þegar samið var um þjóðarsáttina árið 1990, marghliða samninga sem ætlað var að binda enda á víxlhækkanir launa og verðlags.

„Þjóðarsáttin var öðruvísi en önnur samskipti verkalýðshreyfingarinnar við ríkisstjórnina eða aðra hagsmunaaðila. Það hafði áður verið gert samkomulag við ríkið um að halda aftur af verðlagshækkunum með misjöfnum árangri. Það hafði líka verið reynt að mynda breiða samstöðu en bara um afmarkaða þætti.

Þegar líður að 1990 var fólk búið að fá svo yfir sig nóg af verðbólgu að það vildi bókstaflega allt vinna til að losna við hana. Árið 1983 hafði ársverðbólgan farið yfir 100%. 2,5% verðbólguviðmið Seðlabankans á mánuði í dag hefði þótt létt þá!

Það er stundum sagt að frystikistur séu óvenjumargar á Íslandi því á verðbólgutímanum skipti öllu máli að geta birgt sig upp af kjöti áður en verðið hækkaði. Þegar stjórnvöld brugðust við ástandinu með stórum gengisföllinum ruku heimilistæki og bílar upp í verði. Til að geta keypt á réttum tíma skiptir máli að hafa peninga milli handanna. Það þýðir að þeir sem hafa minnst undir sér verða verst úti.

Þegar verðið er á stöðugri hreyfingu næst engin yfirsýn. Það gildir bæði um heimili

og fyrirtæki. Fyrir þau skipti meira máli að kaupa hráefni á réttum tíma frekar en skipuleggja verkefni sín vel. Allar rekstraráætlanir fóru úr skordum.“

Kauphækkanir étnar upp í verðbólgu

Hann segir að verkalýðshreyfingin hafi löngum verið meðvituð um að launahækkanir væru ekki það eina sem skipti máli í kjarasamningum. „Strax

Fyrir alþýðu á Alþingi

Guðmundur J. Guðmundsson

Guðmundur stundaði ýmis verkamannastörf frá 17 ára aldri en vann einnig sem lögreglumaður á Siglufirði 1946-1950. Fjórðurinn iðaði þá af síld, árið 1950 var staðurinn fimmti stærsti kaupstaður landsins. Mikið var unnið og mikið djammað.

Guðmundur byrjaði að starfa á skrifstofu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar árið 1953 og kom inn í stjórn á sama tíma. Hann varð formaður árið 1982 og gegndi því fram að andláti sumarið 1997. Afskipti af stjórn málum hóf hann innan Æskulýðsfylkingarinnar, ungliðahreyfingar Sósíalístaflokksins og var síðan í stjórn flokksins um 13 ára skeið. Hann færði sig síðan yfir í Alþýðubandalagið, var borgarfulltrúi þess 1958-1962 og síðan þingmaður 1979-1987.

Guðmundur er minnst fyrir hægán, djúpan málróm. J-ið í nafni hans stendur fyrir Jóhann þótt Guðmundur væri oftast þekktur sem „Gvendur Jaki“.



í fyrstu verkalýðsfélögum voru menn hræddir við að fara of geyst í kjarakröfum því það gæti leitt til verðbólgu eða dregið úr vinnu.

Frá því fyrir 1970 var samið um miklar kauphækkningar sem glöddu alla í korter. Það var hægt að vinna atvinnurekendur í átökum en síðan komu verðhækkningar og miklar gengisfellingar sem verkalýðshreyfingin gat ekki ráðið við. Árin

1987 og 88 voru gerðir samningar með miklum hækkunum sem étnar voru upp um leið í óðaverðbólgu.“

Skömmu fyrir þjóðarsáttina voru gerðir nýir samningar við Bandalag háskólanna til fimm ára sem gerðu ráð fyrir að háskólafolk hækkadi jafn mikið og aðrir árlega og svo að auki um 3% á ári. „Það var útilokað fyrir aðra að setta sig við svona hringrás,“ rifjar Ásmundur upp.

Svo fór að ríkisstjórnin setti lög á BHM til að fella félagsmenn þess inn í ramma þjóðarsáttarinnar.

Hann segir verkalýðshreyfinguna hafa verið tilbúna að taka á sig hluta kostnaðarins við að ná niður verðbólgunni þegar farið var af stað í samningagerðina. Mikil vinna líka verið lögð í útreikninga sem hægt var að sýna öðrum viðsejendum hvernig þeir gætu hagnast á breyttum vinnubrögðum, til dæmis við vaxtaútreikning bankanna.

Fólkið í AFLi

Jón Kristinn Arngrímsson

Trúnaðarmaður. 51 árs, matráður í leikskólanum Dalborg á Eskifirði. Búsettur á Reyðarfirði.



Af hverju tekur þú þátt í starfi AFLs?

Ég hef mikinn áhuga á kjaramálum og kjarabótum. Ég er mikil félagsvera og finnst gaman að vinna með fólki. Mér finnst nauðsynlegt að vera í verkalýðsfélagi til að fá þau réttindi, en líka skyldur, sem því fylgja. Félagið stendur fyrir öflugu fræðslustarfi enda er mikilvægt að geta útskýrt fyrir fólki hvernig hlutirnir virka. Miðað við það sem ég hef séð til dæmis á aðalfundum er AFL mjög vel rekið félag.

Hvernig komstu inn í starfið?

Ég hef verið trúnaðarmaður síðan í febrúar 2014. Þá hætti sá sem var áður. Mig minnir að ég hafi fengið 95% atkvæða. Síðan er ég líka öryggistrúnaðarmaður.

Fundað um allt land

Ramminn að þjóðarsáttinni var að mestu tilbúinn í lok árs 1989 en beðið var með undirritun fram í febrúar 1990. „Það var ágreiningur innan okkar hóps hvort við ættum að láta vaða og semja eða undirbúa málið betur úti í félögunum. Við enduðum á að bíða þar til við höfðum náð að ræða við okkar fólk. Við skiptum liði og funduðum með stjórnnum félaga um allt land. Þá var félag í hverju byggðarlagi og því sterkar tengingar inn á stærstu vinnustaðina. Það sem var sérstakt í þessari stöðu var að við vorum ekki með tilbúinn samningin heldur spurðum hvort fólk væri til í að gera þessa tilraun. Við sögðumst ekki geta lofað árangri og fólk sagði já. Það vildi hætta nokkru til að gera tilraunina.

Kerfi stóru félaganna á Norðurlöndunum er miðstýrðara en hér þar sem hvert félag tekur ákvörðun um samninga. ASÍ getur gert rammam samninga en síðan taka félögin við og það þarf að samþykkja samningana í hverju félagi fyrir sig sem getur verið snúið. Vissulega hefði stundum verið betra að geta afgreitt samninga í einu lagi en það er líka kostur að þurfa að undirbúa samningsgerðina úti í félögunum. Þjóðarsáttin var félagsleg laus í breiðu samstarfi og hefði því aldrei verið hægt að gera bara við skrifborð í Reykjavík. Áherslu verður að leggja á að það varð að ná samkomulagi ekki aðeins milli ASÍ og

ASÍ og atvinnurekenda heldur innan ASÍ og samtaka atvinnurekenda og jafnframt við önnur samtök launamanna, bændur, ríkisvald og sveitarstjórnir. Allir urðu að vera með.“

Passað upp á verðhækkunarir

Í þjóðarsáttinni var samið um að fyrirtæki hækkuðu ekki verð í kjölfar kauphækkana og því var fylgt eftir. „Bæði við og samtök atvinnurekenda vorum á fullu. Við mættum

„Það gleymist oft að persónuleg vinátta og gagnkvæmt tillit er límið sem límir öll félagasamtök saman.“

á staðinn ef við fréttum af verðhækkunum. Það hjálpaði að hafa vinnuveitendur með í þessu því það þá var það ekki bara leiðinlegur kall frá verkalyðsfélaginu að nöldra.

Við Einar Oddur Kristjánsson, formaður atvinnurekenda mættum saman á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna til að útskýra af hverju þau yrðu að halda aftur af sér í gjaldskrárhækkunum og framkvæmdum. Samgöngunefnd Alþingis vildi nota svigrúmið í stóratækni vegaf framkvæmdum. Það var í sjálfu sér besta mál en ekki heppilegt fyrir heildina á þessum tíma. Þess vegna urðum við að ganga á móti því“

Fyrirvari var settur í samninguna um að hægt væri að segja þeim upp strax haustið 1990 ef forsendur héldu ekki. Undirbúningurinn hófst strax um vorið og sumarið. „Ég man ég fór sjálfur um Austfirði og fundaði með stjórnunum

flestra félaganna á svæðinu og stærstu vinnustöðunum til að finna stöðuna. Ég man eftir fundi í frystihúsinu á Fáskrúðsfirði þar sem fólkið sagði að verðið í búðinni hækkaði í hverri sendingu. Þegar ég spurði hvort það hækkaði jafn mikið og árið áður kom í ljós að svo var ekki. Innan við hálfu ári eftir að samið var hafði verðbólgan minnkað.“

Samstaðan að allir geti lifað með niðurstöðunni

Ásmundur segir að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt mikið frumkvæði í samningunum en stutt við þá þegar á þurfti að halda. „Þetta var ekki ein góð hugmynd hjá einum manni heldur sameiginlegt verkefni. Það var ákveðið uppnám í samfélaginu. Það var nokkuð ljóst að lausnin og viðbrögðin gátu ekki komið frá ríkisstjórninni eða á grundvelli eins flokks, en það var heldur ekki hægt að koma þessu fram án þess að ríkisstjórnin kæmi að borðinu.

Hluti af því sem ríkisstjórnin þurfti að gera var að gefa samningsaðilum svigrúm til að finna leiðir án þess að vera alltaf að reka höndina inn. Steingrímur Hermannsson var þá forsætisráðherra og hann hafði úthald í að sitja og bíða utan sviðsljóssins meðan aðrir voru að vinna. Margir yngri stjórnarliðar áttu erfðra með þetta og pressuðu á sitt fólk innan verkalyðshreyfingarinnar að klára þetta strax þegar samningsramminn var að mestu kominn. Ríkisstjórnin stóð sig vel og ég þakka það mest þolinmæði Steingríms.

Það töldu heldur ekki allir innan verkalyðshreyfinguna þjóðarsáttina vitlega og töldu hreyfinguna ekki eiga að hugsa um annað en kauphækkunarir. Það fólk vann hins vegar með heildinni og gaf svigrúm til tilraunarinnar. Samstaða felst ekki alltaf í sér að allir séu sammála niðurstöðunni heldur að sem flestir geti lifað við hana. Það skipti miklu máli í þessu tilfalli.“

Tengslin við Alþýðubandalagið ekkert leyndarmál

Sjálfur settist Ásmundur á þing í nóvember 1987. „Ég hafði verið í þriðja sæti Alþýðubandalagsins í Reykjavík og kom inn sem varapingmaður í tvær vikur. Það varð bara þetta eina skipti,“ segir hann.

Aðspurður svarar hann að pólitíska merkingin hafi frekar veikt hann en styrkt. Hins vegar hafi hann í störfum sínum náð að vinna sér inn traust ólíkra aðila. „Ég átti nánin samskipti við fjölda þingmanna, ekki bara Alþýðubandalagsfólk. Samstarfsfólk mitt í

Alþýðusambandinu vissi alla tíð hvað ég kaus, það var ekkert fréttmælt í því. Gagnrýni á mig gat verið hörð en hún snérist ekki um það hvaða flokk ég kysir.

Þegar kom að þjóðarsáttinni held ég að það hafi skipt máli hve lengi ég hafði verið forseti, í áratug. Ég er ekki viss um að um ég hefði getað stuðlað að þessum samningi fjórum árum fyrr. Á þessum tíma var búið að yfirvinna pólitíska tortryggni innan ASÍ að mestu búin og fólk ræddi málin efnislega. Hópurinn var samstilltur og sennilega má með réttu segja að okkur hafi þótt vænt hverju um annað. Það gleymist oft að persónuleg vinátta og gagnkvæmt tillit er límið sem límir öll félagasamtök saman.“



Karl Steinar Guðnason

„Þjóðarsáttin var afar merkileg aðgerð“

Forustufólk úr Alþýðusambandinu á Alþingi 1987-1991. Frá vinstri: Guðmundur Garðarsson, (Sjálfstæðisflokki og VR), Aðalheiður Bjarnhéðinsdóttir (Borgaraflokki og Sókn), Karvel Pálmason (Alþýðuflokki og Verkalýðsfélagi Bolungarvíkur) og Karl Steinar Guðnason (Alþýðuflokki og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur) Mynd: ASÍ

Samstaða stjórn mála og hagsmunasamtaka verkafólks, atvinnurekenda myndaði grundvöllinn að þjóðarsáttinni árið 1990. Þáverandi stjórnarþingmaður segir merkilegt að hún hafi orðið að veruleika og hann sé stoltur af að hafa tekið þátt í henni.

„Þjóðarsáttin er eitthvað sem ég er mjög stoltur af en ég var einn margra sem áttu þar hlut að máli. Það er afar merkilegt hvernig hún varð að veruleika. Það var tekið á því á öllum sviðum. Þetta var mjög óhefðbundin aðgerð en menn voru klárir á að þetta ynnist

ekki nema allir yrðu með,“ segir Karl Steinar Guðnason, fyrrverandi þingmaður Alþýðuflokksins.

Skrifað var undir kjarasamninga í byrjun febrúar árið 1990 sem í daglegu tali eru kallaðir „þjóðarsáttin.“ Að því komu verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur, Bændasamtökin og síðan ríkið í ýmsum myndum. Aldrei höfðu jafn viðamiklir kjarasamningar verið gerðir með aðkomu svo margra aðila. Þjóðarsáttin er talin hafa komið stöðugleika á íslenskt efnahagslíf eftir umbrotaár.

Auk þess að vera þingmaður var Karl Steinar varaformaður Verkamannasambands Íslands og í samninganefnd sambandsins á þessum tíma. Hann segir að einkum forusta Ásmundar Stefánssonar, þá formanns ASÍ, og Einars Odds Kristjánssonar,

formanns Vinnuveitendasambands Íslands, hafi skipt þar miklu. „Við höfðum rætt möguleikann á svona samningum. Þeir snérist ekki bara um kaup og kjör heldur var samið við bankana um að lækka vexti og við bændur um afurðaverð. Forysta Ásmundar gerði þetta að veruleika en það skipti líka að Einar Oddur talaði eins og maðurinn á gólfinu í frystihúsinu. Honum tókst að breyta viðhorfi atvinnurekenda og þannig náðu menn saman.“

Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra í ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks, Borgaraflokks, Samtaka um jafnrétti og félagshyggju og Alþýðubandalags. „Auðvitað þurfti sterka sannfæringu fyrir þessu og það þurfti að beita ýmsum ráðum innan ríkisstjórnarinnar en henni bar gefa til að taka þátt í þessu,“ rifjar Karl Steinar upp.

Sjómennskan í ættinni

Karl Steinar er fæddur í Keflavík árið 1939. Faðir hans var sjómaður en móðir hans verkakona. „Sjómennskan var í minni ætt. Móðurafi minn var þekktur sjómaður, kallaður Stjáni blái og um hann orti Örn Arnarson kvæði,“ segir Karl Steinar.

Auk þess að stunda kennslu í 17 ára, vann Karl Steinar bæði verkamannastörf og sjómennsku áður en hann varð formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis árið 1970. Áður hafði hann gegnt embætti ritara. Í formannsstólnum sat Karl Steinar til ársins 1991. „Ég var alinn upp í verkamannafjölskyldu og fannst eðlilegt að taka þátt í verkalýðsbaráttu.“

Hann tók fyrst sæti á Alþingi sem varamaður árið 1972 en var síðan kjörinn 1978 og var á þingi til 1993. Hann segir að ekki hafi komið til neinna árekstra milli starfa á Alþingi og innan verkalýðshreyfingarinnar. „Ég minnst þess ekki. Það þótti mjög eðlilegt, reyndar styrkleikamerki, að þingmaður Alþýðuflokksins væri vel tengdur inn í



Karl Steinar Guðnason. Mynd: Alþingi

„Það gleymist oft að persónuleg vinátta og gagnkvæmt tillit er límið sem límir öll félagasamtök saman.“

verkalýðshreyfinguna. Karvel Pálmason, formaður verkalýðsfélagsins í Bolungarvík, var líka í okkar þingflokki.“

Hefndarverk að kljúfa Alþýðuflokkinn

Í upphafi voru Alþýðuflokkurinn og Alþýðusambandið beintengd en eftir kreppuárin milli 1930-40 skildi á milli. Hann segir tilurð Kommúnistaflokksins í kringum 1930, sem klofnings út úr Alþýðuflokknum, hafa skaðað verkalýðsbaráttuna. „Vegna þessa varð aldrei til hinn stóri jafnaðarmannaflokkur eins og á Norðurlöndunum þar sem þeir gjörbreyttu samfélagunum.

Mín skoðun um að það hafi verið hefndarverk að kljúfa Alþýðuflokkinn. Áður en það gerðist náði flokkurinn fram mörgum þeim mikilverðustu baráttumálum sem ASÍ auglýsir nú undir sínu máli eins og vökulögin, almannatryggingarnar og vinnulöggjöfin, sem kommúnistarnir kölluðu þrælalög. Þetta var samþykkt á Alþingi og þar sátu þingmenn Alþýðuflokksins, ekki Alþýðusambandið, þótt þeir væru hluti af ASÍ þá og öfugt.“

Alþingismenn virðast ekki skilja tungumál verkalýðshreyfingarinnar

Innan ASÍ voru oft átök milli fylkinga um að koma sínum fólki, þá tengdu stjórnmalaflokkunum, til áhrifa. „Það fór eftir styrk fólki á þingi Alþýðusambandsins hvað menn náðu mörgum fulltrúum inn í stjórn. Þá var barist af hálfu flokkanna fjögurra í hverju einasta verkalýðsfélagi um að koma fulltrúum á þing. Þessi barátta er núna alveg horfin.“

Karl telur þetta fyrirkomulag bæði hafa verið gott og slæmt. „Þetta gerði verkalýðsbaráttuna öðruvísi. Kannski var hún ekki eins einbeitt vegna þess að menn voru að taka fullmikið tillit til annarra.“

Á móti gat verkalýðshreyfingin átt fulltrúa í fleiri flokkum á þingi. „Ég ætla að vona að hver sem er með tengsl við verkalýðshreyfinguna og náði sæti á Alþingi hafi verið hreyfingunni til góðs.“

Karl Steinar segir að dregið hafi úr mætti verkalýðshreyfingarinnar á Alþingi í dag. „Ég er þeirrar skoðunar að rödd verkalýðshreyfingarinnar þurfti að heyrast skýrar þar. Mér finnst bæði Samfylkingin og VG hafa þróast frá verkalýðshreyfingunni. Það hefur gerst á þeim tíma sem ég hef verið utan stjórnmalanna. Mér virðist sem víða á Alþingi skilji fólk ekki tungumál verkalýðshreyfingarinnar. Ég kann þó engin töfrabroð til að laga það.“



Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Þarf að vera hægt að útskýra lífeyrissjóðakerfið á kaffistofunni

Þórunn Sveinbjörnsdóttir upplifði ýmislegt á um tuttugu ára ferli í stafni verkalýðshreyfingarinnar, allt frá þjóðarsáttinni yfir í hina miklu sameiningu félaga verkafólks á höfuðborgarsvæðinu. Hún kveðst hafa óvænt hafa orðið formaður eftir að

hafa komið inn í stjórn Sóknar sem eins konar bílstjóri formannsins til að byrja með. Í seinni tíð hefur hún barist ötullega fyrir réttindum eldra fólks og fór í þingframboð í haust til að leggja þeim málstað lið.

„Mér fannst ég rosalega ung þegar ég kom inn í verkalyðshreyfinguna. Ég hafði unnið á leikskóla, verið trúnaðarmaður og farið á námskeið sem slík. Þannig kynntist ég Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, sem var formaður Starfsmannafélagsins Sóknar. Hún bað mig um að koma í byggingarnefnd Sóknarhússins en hana vantaði eiginlega unga konu til að keyra sig milli staða. Ég fór síðan inn í stjórn og trúnaðarráð auk þess sem ég vann á skrifstofunni í eitt ár. Árið 1986 var ég svo orðin varaformaður.

Aðalheiður ætlaði ekkert að hætta en svo gerist það um veturinn að maðurinn

„Stundum jaðraði við að maður gæti lesið kvótaskiptingu stjórnmalaflokka inni í miðstjórninni.“

hennar veikist. Hún hringir í mig og segir að hún ætli að stíga til hliðar sem formaður á aðalfundi og vilji að ég taki við. „Nei, það gerirðu ekki. Ég er ekki útlærð,“ segi ég og hún svarar: „Jú – þú getur það alveg,“ og lofaði að vera til staðar fyrir mig. Ég tók svo við sem formaður vorið 1987,“ segir Þórunn.

Skömmu eftir það datt Aðalheiður inn á þing fyrir Borgaraflokkinn. „Albert Guðmundsson og Helena dóttir hans báðu hana um að taka þátt í kosningabaráttunni. Aðalheiður sagði fyrst nei, svo já því hún hélt hún væri að fara að taka heiðursætið. Það síðasta sem henni datt í hug var að hún væri á leið inn á þing. Hún skammaðist síðar stundum yfir að henni

þætti þingmenn ekki mæta í vinnuna,“ rifjar Þórunn upp. „Við áttum áfram mjög gott samstarf. Ég þurfti bakhjarl í 1-2 ár, svo var ég orðin fleyg. Við tók ævilöng vinátta okkar Aðalheiðar. Ég hafði verið í samninganefndum frá 1981 svo ég hafði þau mál nokkuð á hreinu,“ bætir hún við.

Fólkið var tilbúið í þjóðarsáttina

Á næsta þingi ASÍ var Þórunn kjörin í miðstjórn sambandsins. Ásmundur Stefánsson var þá forseti sambandsins. „Hann lagði mikið upp úr góðu samstarfi óháð allri pólitík, líka innan verkalyðshreyfingarinnar. Þegar stór mál voru framundan hafði hann samband við stéttarfélagin og sagðist vera að koma í kaffi. Hann fór þá á milli með annað hvort vínarbrauð eða kringlur í poka. Og við tók mikið spjall um stöðu mála.“

Ásmundur var forseti þegar þjóðarsáttin var gerð árið 1990. Að baki henni lágu margir fundir og breið samstaða. „Ég held að farsældin við hana hafi falist að blanda sem minnst pólitík inn í vinnuna heldur var sest yfir þetta vandasama verk sem víxlverkun verðbólgu og launahækkana var. Ég man eftir fundum innan Sóknar að fólk var sjálft búið að fatta að þetta gengi ekki. Launahækkunin hvarf jafnóðum í verðbólgu. Því var ekkert mál að tala fyrir minni launahækkunum þegar við fórum út á vinnustaðina.“

Ásmundur gegndi embættinu fram til 1992. Benedikt Davíðsson tók þá við og sat til 1996. Grétar Þorsteinsson var næstur en Gylfi Arnbjörnsson tók við 2008. Þórunn rifjar upp að þeir hafi allir tengst pólitíkinni á sinn hátt. „Þeir voru allir sterkir á sinn hátt. Það vissu allir hvar Benedikt stóð í pólitík en hann var gamall refur þannig að þegar hann þurfti að ræða við stjórnmalafólk held ég að horft hafi verið á hann sem fulltrúa allra.

Viðbótarstuðningur við aldraðra

Á síðasta ári voru samþykkt lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða. Þeim er ætlað að styrkja framfærslu aldraðra með skerta búsetu sem búsettir eru hérlandis en eiga lítil eða engin réttindi í almannatryggingum. „Hugmyndin kemur frá Noregi, við heyrðum af henni á norrænu þingi eldri borgara. Við getum hugsað okkur aldraðan föður í sýrlenskrri fjölskyldu sem kemur hingað og vinnur í 4-5 ár. Hann getur ekki lifað af þeim réttindum sem hann vinnur sér inn á þeim stutta tíma. Þetta vegna var þetta hugsað sem björgunartæki,“ segir Þórunn. „Þetta getur átt við um innflytjendur en líka þá Íslendinga sem koma heim eftir búsetu erlendis þar sem ekki er almannatryggingkerfi.“

Stuðningurinn getur mest orðið 90% af fullum ellilífeyri almannatrygginga auk þess sem einstaklingar geta átt rétt á 90% af mánaðarlegri fjárhæð heimilisuppbótar. Rétt á viðbótarstuðningnum eiga einstaklingar 67 ára eldri með skráð lögheimili og varanlega dvöl hérlandis. Nánari upplýsingar og umsóknir eru á hjá Tryggingastofnun á tr.is.

Höll ræstingakvennanna

Þórunn kom upphaflega til starfa hjá Sókn til að aðstoða við byggingu sem félagið var að reisa í Skippholti. Sagan að baki því húsi er að mörgu leyti áhugaverð. „Sókn hafði áður verið í leiguhúsnæði að Freyjugötu 47. Félagið vantaði stærra og betra húsnæði og það vildi svo vel til að það var vel stutt peningalega þannig það gat ráðist í bygginguna. Á efri hæðum framhússins voru líka íbúðir sem seldar voru til að kosta bygginguna.

Davíð Oddsson var þá borgarstjóri og útvegaði Sókn lóð upp í Skippholti. Eins merkilegt og það var þá voru hann og Aðalheiður mjög góðir vinir, alveg þvert á pólitík.

Við fengum hornlóð fyrir neðan Sjómannaskólann. Það var ráðinn arkitekt og verkið síðan boðið út. Ég man ég var viðstödd þegar tilboðin voru opnuð.

Auk skrifstofa var í húsinu mjög stór fundarsalur. Hann gátu félagar leigt. Þarna var allt fullt af fermingarveislum, brúðkaupsveislum, erfidrykkjum og félagsstarfi. Margir félagar okkar voru konur sem ekki höfðu mikið milli handanna og eða aðgengi að rúmgöðu húsnæði fyrir slíkt en þarna gátu þær haldið veislurnar vel. Þetta skipti konurnar máli og þær voru svo stoltar. Þetta var mikið ævintýri, því var slegið upp í blöðunum að ræstingakonur væru að byggja sér höll.

Í húsinu var líka fyrsta heilsuræktin sérstaklega fyrir konur. Þangað komu margar konur sem ekki vildu eða treystu sér að fara í heilsurækt í heilsuhúsum. Þarna var engin stéttaskipting í klæðnaði eða öðru. Þær gátu síðan farið í heitan pott eða gufu á eftir.

Við byggðum mikið af okkar baráttu á að konur kæmst áfram á menntun. Sumar þeirra sem voru með mér í stjórn hefðu aldrei lært á tölvur ef við hefðum ekki ýtt á þær. Ég sé þær sumar virkar á samfélagsmiðlum í dag, ein þeirra hefur þakkað mér fyrir að hafa hvatt sig til þessa því nú getur hún haldið sambandi við dóttur sína í Bretlandi.

Sjálfsmynd bæði þessara kvenna, sem og karla úr okkar röðum sem sóttu þessi námskeið, breyttist. Þetta lyfti konunum upp úr þeirra daglega amstri, þær voru öflugri en þær héldu sjálfar. Margir héldu áfram námi.

Við áttum húsið þar til stéttarfélagin sameinuðust. Þá var það ekki lengur nógu stórt. Það gerir þó enn gagn þar sem því var breytt í nemendabústaði.”

Stundum jaðraði við að maður gæti lesið kvótaskiptingu stjórnmalaflokka inni í miðstjórninni en síðan vorum við nokkur sem töldumst ekki bundin neinum en nutum mikils trausts. Þetta kallaðist að vera á gráu svæði. Við Grétar vorum þar á meðal. Þetta snérist ekki bara um pólitík heldur líka framkomu og traustið.

Gylfi var töluvert dreginn í dilk Samfylkingarinnar. Hann fór hins vegar úr flokknum eftir að hafa sinnast við Jóhönnu Sigurðardóttur. Gylfi og Ásmundur stóðu alltaf vörð um það að eldri borgarar fengju álíka hækkanir á framfærslu og á launum í kjarasamningum. Í lögum um almannatryggingar segir að miða skuli við launaþróun en aldrei lakari hækkan en verðlagsþróun. Gylfi var ósáttur við að Jóhanna fylgdi aðeins verðlagsþróuninni. Það hefur komið illa niður á kjörum eldra fólks.“

Leið í gegnum pólitíkina til að koma verkefnum áfram

Þórunn segist í sínum formannsstörfum hafa lagt áherslu á að vera óflokksbundin til að auðvelda samskipti við fulltrúa ólíkra flokka. Hún bendir á að samkvæmt lögum Félags eldri borgara í Reykjavík, þar sem hún varð formaður eftir að verkalýðsferlinum lauk, sé í lögum félagsins að formaðurinn megi ekki vera í stjórnmalaflokki. Það sama gildir um Landssamband eldri borgara, sem var næsti viðkomustaður Þórunnar.

Þótt hún lýsi sér sem „pólitísku viðundri“ sat Þórunn þó í stuttan tíma á Alþingi haustið 1998 fyrir þingflokk jafnaðarmanna. Fyrir kosningarnar 1995 var Þórunn í þriðja sæti Alþýðuflokksins í Reykjavík en kom inn sem varamaður þegar Ásta B. Þorsteinsdóttir lést. „Jóhanna Sigurðardóttir plataði mig upphaflega í Alþýðuflokkinn. Hlutirnir gerðust hratt

þegar Ásta dó. Sá sem var fyrir framan mig var í námi erlendis og vildi fá að ljúka því. Þar með datt ég inn á þing í þrjá mánuði, þar til hann kom.“

Þórunn skipaði svo þriðja sætið í Reykjavíkurrkjördæmi norður í haust. „Við Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra, eigum það sameiginlegt að vilja rétta úr málefnum eldra fólks. Við erum ekki bara að tala um aukið fjármagn heldur þarf að breyta þrennum lögum til

„Þeir sem tala sjóðina niður eru oft búnir að vinna svo mikið svart að þegar þeir komast að lífeyrissjóðsaldrinum hrökkva þeir upp yfir að eiga von á litlum eða engum lífeyri.“

að einfalda kerfið. Síðan eru önnur mál. Til dæmis þarf að bæta öryggi í heimahúsum, árlega verða yfir 2000 slys á heimilum eldra fólks. Það eru ýmsar leiðir til að bæta úr þessu. Einmanaleikinn í Covid-faraldrinum varð svakalegur og það þarf að fara meira út til eldra fólks meðal annars af hálfu sjálfboðaliða. Með markvissri heilsuefingu má seinka aldurstengdum sjúkdómum og missi á færni um fimm til tíu ár. Þetta hefur Heilsuefning Janusar sannað rækilega. Ég sé leið í gegnum pólitíkina til að halda áfram ýmsum verkefnum LEB. Þessi vinna var komin af stað hjá Ásmundi en faraldurinn seinkaði henni.“



Þórunn bauð sig fram fyrir Framsóknarflokkinn í nýafstöðnum kosningum. Mynd: Framsóknarflokkurinn

Barátta fyrir lífeyrissjóðakerfinu í byrjun

Þórunn var formaður Sóknar í 13 ár. Hún varð síðan varaformaður Eflingar fram til 2007, en Efling varð til við sameiningu Sóknar við þrjú önnur félög í lok árs 1998. Hún hefur starfað að lífeyrissjóðamálum í 33 ár en hún er í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrissréttinda í fyrra. Ferilinn hóf hún hjá Lífeyrissjóði Sóknar sem síðar meir varð að Gildi auk fleiri sjóða. „Það var mikil barátta

meðan lífeyrissjóðakerfið var ungt að það kæmist upp úr barnsskónum,“ svarar hún spurð um stöðu og viðhorf í garð lífeyrissjóðanna.

„Lífeyrissjóðakerfið lenti í upphafi í áföllum vegna verðbólgu. Það hefur síðan styrkst hægt og bitandi. Árið 1995 sátum við nokkur heilan vetur yfir endurskoðun kerfisins. Við fengum til okkar ýmsa sérfræðinga en það sem vantaði upp á var þekkingin á hve mikið við myndum eldast. Öldrunarbólan sem framundan er var ekki sýnileg þá. Hugmyndin þá var að fólk

næði 56% af fyrri launum. Við hefðum sett stefnuna á að minnsta kosti 60% hefðum við séð fyrir stöðuna í dag. Í opinbera kerfinu gat fólk náð yfir 70% launa sinna þannig við þurftum að auka hratt við.“

Á árum Þórunnar varð mikil breyting á lífeyrissjóðakerfinu. „Þegar ég kom fyrst inn í stjórn lífeyrissjóðs voru þeir yfir 80 talsins. Ég man eftir fundi í Samtökum almennra lífeyrissjóða (SAL) sem ég sat þar sem fyrrverandi Hagstofustjóri sagði við okkur að kerfið myndi ekki ganga upp nema sjóðunum fækkaði. Við lögðum mikla vinnu í sameiningu sjóða, það þurfti að horfa til þess að staðan var ekki sú sama milli sjóðanna við sameiningu og þurfti að leiðrétta vegna þess. Nú eru sjóðirnir um 20 talsins og mætti trúlega fækka um eina fimm.“

Lífeyrissjóðirnir lykillinn að góðu lífi eftir starfslok

Hún segir lífeyrissjóðakerfið oft fá óvægna og ósanngjarna gagnrýni. Efla þurfi þekkingu fólks á því. „Það þarf að styrkja trúnaðarmenn stéttarfélaganna í að skýra kerfið. Það er lykilatriði að geta útskýrt hvernig það virkar þegar ráðist er á það á kaffistofunni.

Það þarf að efla skilning fólks á að það sé að skapa sér gott líf eftir starfslok. Almannatryggingakerfið var alltaf stóð númer eitt og lífeyrissjóðirnir voru hugsaðir sem viðbót viðbót. Nú hefur þetta breyst þannig að lífeyrissjóðirnir eru farnir að borga meira til fólks en almannatryggingarnar. Það er enn ágreiningur um þessa breyttu röð, það hefur ekki verið gengið frá henni með lögum og ég vil halda í almannatryggingarnar sem fyrstu stöðina.

Þegar fólk fékk aðeins greitt úr þeim var það svo lítið að það dugði eldra fólk ekki til að lifa af. Greiðslurnar dugðu fyrir nauðþurftum fólki þurfti oft að flytja til barnanna sinna.



Á fundi í miðstjórn ASÍ í nóvember 2003. Mynd: Timarit.is

„Þar sem almannatryggingarnar eru búnar til af okkar eigin sköttum finnst mér ekki ganga að einhver hópur geti ákveðið að sniðganga lífeyrissjóðina og fara bara á almannatryggingarnar.“

Þeir sem tala sjóðina niður eru oft búnir að vinna svo mikið svart að þegar þeir komast að lífeyrissjóðsaldrinum hrökkva þeir upp yfir að eiga von á litlum eða engum lífeyri. Þá koma raddirnar á Útvarpi Sögu sem tala um mismununina. Þannig var um margt af því fólk sem stóð verst í Covid-faraldrinum, það átti ekki rétt á neinum tryggingum frá ríkinu. Þar sem almannatryggingarnar eru búnar til

af okkar eigin sköttum finnst mér ekki ganga að einhver hópur geti ákveðið að sniðganga lífeyrissjóðina og fara bara á almannatryggingarnar. Mér fannst vanta að ríkið stæði fyrir fræðslu þegar það greip til aðgerða. Ég veit ekki hvað þetta fólk hafi lært nóg af þeirri reynslu til að hafa leitað sér að lífeyrissjóði. Allir þurfa að tryggja sig fyrir efri árin. Ég man að Ásmundur Stefánsson fékk það í gegn á sínum tíma að allir fengu bréf um hver væntanleg eftirlaun væru.

Á sínum tíma héldum við í Sambandi almennra lífeyrissjóða fræðslufundi fyrir blaða- og þingmenn um hvernig kerfið virkaði. Eftir þá breyttist umræðan um tíma. Þekkingin hrynur síðan þegar nýtt fólk kemur að.“

Almannatryggingakerfið áfram nauðsynlegt

Að undanfögnu hefur nokkuð verið rætt um kostnað við rekstur lífeyrissjóðanna.

„Sumir tala niður sjóði og taka þá hærri tölur en rétt er. Þarna er ekki farið með rétt mál. Vissulega fær starfsfólkið vel borgað en það ber líka mikla ábyrgð. Eftir hrun voru kröfurnar margfaldaðar, lánasamningur er núna tíu síður í stað 2-3 áður. Sjóðirnir eru líka skyldaðir til að senda út yfirlit með pósti. Það getur kostað tugi milljóna hjá stærstu sjóðunum auk stig hækkandi kostnaðar við endurskoðun og úttektir.

Við bætast líka reglulega hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir fjármagni ákveðnar stórframkvæmdir. „Við getum tekið þátt í ýmsu, eins og við gerðum með Hvalfjarðargöngin á sínum tíma, á þann hátt að gefin séu út skuldabréf með ávöxtun sem við kaupum. Hins vegar er því slegið fram að sjóðirnir eigi að byggja til dæmis hjúkrunarheimili sem er ekki löglegt.

Þórunn er þó afar bjartsýn á framtíð lífeyrissjóðanna. „Ég var á ótrúlega góðum fundi um daginn þar sem útskýrt var af hverju íslenska lífeyrissjóðakerfið hefði lent í fyrsta sæti í alþjóðlegri könnun. Ef svona alvöru stofnun gefur okkur þetta góða einkunn er erfitt fyrir úrtöluraddirnar sem tala kerfið niður að halda áfram. Við erum hins vegar í sömu stöðu og aðrar þjóðir þar sem ákveðinn hópur fólks nýtur einhverra hluta vegna ekki góðs af sjóðunum. Hérlendis koma konur verr út úr lífeyrissjóðakerfinu því atvinnuþátttaka þeirra jókst ekki fyrr en eftir 1975 auk þess sem þær lifa lengur. Þetta leiðréttist í takti við vaxandi atvinnuþátttöku kvenna og því komumst við yfir þetta að mestu. Þetta þýðir hins vegar að almannatryggingakerfið er áfram nauðsynlegt. Það hefur verið stígandi í lífeyrissjóðakerfinu undanfarin 25 ár og ávöxtunin er góð þannig að nú borga þeir um 60% af því sem fólk hefur í höndunum.“

Fyrir alþýðu á Alþingi

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir



Aðalheiður fæddist að Efra-Steinsvaði í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1921. Hún átti alls 18 systkini, 11 alsystkini og sjö hálsystkini. Hún ólst upp við kröpp kjör og var aðeins fjögur ár í barnafræðslu.

Hún vann við að verka fisk í Vestmannaeyjum upp úr tvítugu og varð þar formaður Verkakvennafélagsins Snótar, 1945-49. Þar var hún einnig í stjórn Sósíalistafélags staðarins. Eftir að hafa flutt til Reykjavíkur, með viðkomu í Rangárvallasýslu, hóf hún störf fyrir Verkakvennafélagið Sókn og var formaður þar 1976-87. Hún tók þátt í að undirbúa kvennafrídaginn árið 1975 og hélt þar fræga ræðu þar sem hún benti meðal annars á launamisræmi kynjanna.

„Ég hef orðið þess vör að sumir karlmenn og fáeinar karlholllar konur halda að við þessar konur sem eru að halda fram skoðunum viljum reka karlmenn út í horn og svipta þá öllum völdum, jafnvel kyrrsetja þá í eldhúsi eða yfir börnum. Ekkert er fjær okkur en að kúga karla. Við viljum jafnrétti. Hvorki meira né minna. Við þurfum að leysa flest ef ekki öll mál í félagi við karla. [...] Konan er að vakna. Hún veit að karlmenn hafa ráðið heiminum frá því sögur hófust. Og hvernig hefur sá heimur verið? Hann hefur löðrað í blóði og logað af kvöl,“ sagði hún meðal annars.

Aðalheiður sat síðan á Alþingi fyrir Borgaraflokkinn 1987-1991.



Drífa Snædal

Hlutverk ASÍ að standa vörð um hagsmuni almennings

Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ) er reynd úr stjórnmalunum þótt hún standi utan þeirra í dag. Hún segir tengslin úr stjórnmalunum hafa nýst sér vel og fagnar því að fólk úr verkalyðsbaráttunni taki þátt í ólíkum flokkum.

„Ég kom úr Kvinnalistanum og tók þátt í að stofna Vinstrihreyfinguna – grænt framboð (VG), þá 26 ára gömul. Ég sat í stjórn flokksins þangað til ég tók við framkvæmdastjórna flokksins. Fyrsta kjörtímabilið, 1999-2003, tók ég tvisvar sæti sem varaþingmaður en síðan varð ég framkvæmdastýra 2006-10,“ segir Drífa.

Hún fór svo í nám til Svíþjóðar og var ráðin framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins (SGS) þegar hún kom heim úr því. „Frá mínum bæjardyrum séð var það ekki vandamál að vera

tengd stjórnmalum en auðvitað voru einhverjir hikandi við að ráða mig. Mér finnst þetta alls ekki ósamrýmanlegt. Í verkalýðshreyfingunni er ekki skoðanalaust fólk og það er ekkert eðlilegra en fólk í verkalýðsbaráttunni taki líka þátt í stjórnmalum.

Ég hef alltaf verið hugsu yfir hræðslunni við vera pólitískt stimulud. Fólk á að virðast hlutlaust en er það ekki endilega. Stundum er heiðarlegra að tengslin séu uppi á borðinu heldur en gera sér upp gervihlutleysi,“ svarar Drífa aðspurð um hvort flokkstengslin hafi verið henni fjötur um fót þegar hún réðist til SGS.

Hún gekk reyndar úr VG árið 2017 þegar flokkurinn hóf formlegar stjórnarmyndunarviðræður við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk. „Ég hef verið gagnrýnin á þetta samstarf frá vinstri til hægri því það dregur úr slagkraftinum fyrir hagsmuni almennings á Alþingi. Verkalýðshreyfingin lendir ítrekað í að vinna frekar að hagsmunum almennings en stjórnmalin. Við getum séð hver hafa gagnrýnt söluna á Mílu sem dæmi og vilja halda innviðum í samfélagseigu.“

Varnarlínan hefur færst

Í löndunum í kringum okkur eru víða enn formleg tengsl milli verkamannaflokka og verkalýðshreyfingarinnar, til dæmis fjárhagsleg eða aðilarnir skipa fulltrúa í stjórn hver á hjá öðrum. Sums staðar hefur þó að einhverju leyti verið skorið á tengslin.

„Verkalýðshreyfingin á Norðurlöndunum er í vandræðum nú því meirihluti félagsmanna kys aðra flokka en þá sem hún er í mestum tengslum við. LO í Svíþjóð, systursamtök ASÍ, gerði til dæmis könnun sem sýndi mikinn stuðning við Svíþjóðardemókratana.

Ég hef þá kenningu að þegar krataflokkarnir völdu þá stefnu upp úr 1990, sem giarnan er kennd við þriðju leið Tony Blair, að færast til hægri og

viðurkenna einkavæðingu sem val, að rof hafi orðið milli hagsmuna vinnandi fólks og stjórnmalanna. Það var horfið frá þeirri hugmyndafræði að ef allir væru settir undir sömu opinberu þjónustuna þá yrði hún betri. Þegar krataflokkarnir fara í útvistum eða einkavæðingu, sem yfirleitt kemur hinu vinnandi fólki verr, fylgja hægri öflin á eftir og gefa í. Þá geta kratararnir ekki gagnrýnt það því þeir færðu varnarlinuna.

Hérlandis má benda á að við gagnrýndum hugmyndina að baki orkupökkunum um að gera viðskiptavöru úr raforkunni því það væri ekki almenningi til bóta. Aðeins Miðflokkurinn tók það upp eftir okkur. Á upphafsárum VG og Samfylkingarinnar hefðu þeir flokkar tryllt yfir bæði þessu og sölu Mílu.“

„Í verkalýðshreyfingunni er ekki skoðanalaust fólk.“

Persónulegar tengingar skipta máli

Drífa var kjörin forseti ASÍ haustið 2018. Hún segir að bakgrunnurinn úr stjórnmalunum hafi gagnast henni bæði þar og hjá SGS áður. „Ég á enn mikið af vinum úr pólitíkinni og held að þær persónulegu teningar sem ég kom mér upp hafi gagnast mér. Ég hef ekki orðið vör við að stjórnmalabáttakan sé notuð gegn mér eða hafi skaðað mig.

Á Norðurlöndunum er yfirleitt talað um að þessi sterka tenging stjórnála og verkalýðshreyfingar, ekki síst persónulegu tengslin, hafi orðið til þess að norræna velferðarkerfið byggðist upp. Það var talað um að þegar verkalýðshreyfingin og ráðandi flokkur sósíaldemókrata deildu húsnæði eða voru nærri hvert öðru hefði



Drífa telur stefnu Tony Blair hafa myndað rof milli vinnandi fólks og stjórnála. Mynd: CC 4.0/Pavel Golovkin

það haft úrslitaáhrif á framgang mála alþýðunnar.“

Hérlandis rofnuðu tengslin milli Alþýðusambands og Alþýðuflokks um 1940. Drífa telur það styrk fyrir hreyfinguna hérlandis að hafa fólk úr ólíkum flokkum. „Mér finnst það. Þegar við hjá ASÍ erum sammála geta einstaklingar talað fyrir málum innan sinna flokka. Þessi persónulegu samtöl skipta oft miklu máli.“

Lengi voru átök milli flokka að koma sínu fólki að innan ASÍ eða aðildarféлага. Úr því hefur dregið síðustu áratugi og kveðst Drífa ekki hafa orðið vör við það.

Mestu skipti hvar hjartað slær

Þegar bakgrunnur Alþingismanna er skoðaður eru fáir með trúnaðarstörf innan verkalýðshreyfingarinnar á ferilskránni. Tveir núverandi þingmenn eru það þó. Áður var þekkt að formenn verkalýðsféлага væru jafnframt þingmenn.

Fyrir alþýðu á Alþingi

Hannibal Valdimarsson

Hannibal lauk kennaraprófi frá Danmörku áður en hann sneri heim á æskulóðirnar á Ísafirði og fór að kenna. Það gerði hann í fjögur ár en varð síðan skrifstofumaður árið 1931 og og hóf þá afskipti af verkalýðsbaráttu sem formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði. Samhliða þeim stöfum var hann bæjarfulltrúi þar og forseti Alþýðusambands Vestfjarða 1934-1953, að hann var kjörinn forseti Alþýðusambands Íslands. Því embætti gegndi hann til 1971.

Hann settist fyrst á Alþingi fyrir Norður-Ísfirðinga 1946 og sat þá fyrir Alþýðuflokkinn. Hann tilheyrði hópi „Ísafjarðarkrata“ sem þóttu eindregnir í afstöðu sinni og lítið fyrir málamiðlanir. Hannibal klauf sig frá Alþýðuflokknum og gekk til liðs við Sósíalistaflokkinn í kosningabandalagi sem hét Alþýðubandalagið. Þegar það varð að flokki stofnaði Hannibal nýjan flokk, Samtök frjálslyndra og vinstri manna.

Hann sat ýmist á þingi fyrir æskulóðir sínar eða Reykjavík fram til ársins 1974. Hann kom að því að semja frumvarp um almenna lífeyrissjóði í lok sjöunda áratugarins og var tvisvar sinnum ráðherra. Jón Baldvin Hannibalsson, síðar utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, er sonur hans.



„Ég þekki ekki nákvæmlega hvernig þetta var í fyrndinni en samfélagið er breytt. Að vissu leyti súpum við seyðið af kröfu verkalýðshreyfingar fyrri ára um að mennta börnin okkar. Við höfum alþýðufólk sem hefur menntað sig, ég er meðal annars afsprengi af því. Mér finnst þó meira máli skipta hvar hjartað slær heldur en hverjir hafa reynslu af verkamannastörfum.“

Nokkrir viðmælenda Tímarits AFLs lýstu áhyggjum af því að verkalýðshreyfingin væri að missa ítök sín á Alþingi og núverandi þingmenn skildu mögulega ekki tungutak verkalýðshreyfingarinnar. Drífa segir þær áhyggjur ekki nýjar. „Þegar maður les ævisögur gamalla verkalýðsleiðtoga upp úr 1950 þá tala þeir um að rof hafi orðið milli hreyfingarinnar og almennings. Allt hafi verið betra þegar fólk nennti að mæta á fundi. Það þarf að passa sig á misskilinni nostalgíu, ég er ekki viss um að fleiri hafi verið virkir innan verkalýðshreyfingarinnar hér áður fyrr eða slagkrafturinn alltaf meiri.“

Þvert á móti hefur ekki verið jafn mikil og lifandi umræða um verkalýðsmál síðan ég byrjaði að þenkast í þessu og nú. Ég held að skilningur á tungutakinu velti á við hvern er talað. Þeir sem reynt hafa húsnæðisvandann skilja hvað við erum að tala um.

Erfitt fyrir hreyfinguna að stofna eigin flokk

Hún segir stjórn mála flokkanna reglulega kalla eftir viðhorfum verkalýðshreyfingarinnar og sjá hag sinn í að halda góðum tengslum. „Þeir sem eldri eru í hettunni en ég segja að samstarf við stjórnarandstöðuflokkana sé gott. Svo breytist það þegar þeir komist í ríkisstjórn,“ skýtur hún inn í.

Af þessum orsökum telur Drífa meðal annars ekki þörf á að stofna sérstakan stjórn mála flokk á vegum



Drífa telur að húsnæðismálin verði stærsta hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar á komandi kjörtímabili.

verkalýðshreyfingarinnar hérlendis. „Það hefur stundum verið rætt. Ég svara því til að innan hreyfingarinnar getum við á góðum stundum verið sammála um margt en það er líka ýmislegt sem við erum ekki sammála um. Ég veit til dæmis ekki hvort slíkur flokkur kæmi sér saman um auðlinda- eða loftslagsmál. Ég get ekki séð að slíkt starf væri á vetur setjandi.“

Húsnæðismálin stærsta mál kjörtímabilsins

Þegar Tímarit AFLs fór í prentun var ekki enn ljóst með myndun ríkisstjórnar en útlit er fyrir að sú sem setið hefur síðustu fjögur ár haldi áfram. Drífa segir ASÍ tilbúið með sín áherslumál fyrir kjörtímabil.

„Ég held þetta verði kjörtímabil hinnar hugmyndafræðilegu togstreitu, að meira reyni á grunnhugmyndafræðina ef vinstri og hægri flokkar fara aftur saman. Okkar

„Okkar hlutverk er að sýna veruleikann eins og hann er hérlendis og krefjast úrbóta.“

hlutverk er að sýna veruleikann eins og hann er hérlendis og krefjast úrbóta.

Húsnæðismálin verða sennilega stærsta málið, þau eru risastór í líf skjörum almennings. Innviðirnir okkar eru annað stórmál, hvort sem um ræðir landareignir, rafmagnið, heilbrigðisþjónustuna eða annað sem við höfum byggt sameiginleg upp. Að endingu get ég nefnt réttlát umskipti. Vinnumarkaðurinn er að breytast og við þurfum að koma því þannig að fólk geti fært sig til og fengið góð störf í þeirra sem tapast.“



Stjórn mála- prófið

4.

Hvernig á að byggja upp húsnæðismarkaðinn?

- a.** Allt húsnæði ætti að vera í sameign einstaklinga. Tryggt sé að leiguverð fari aldrei upp fyrir ákveðið hlutfall tekna.
- b.** Stjórnvöld ættu að hvetja til uppbyggingar óhagnaðardrifinna leigufélaga til að tryggja betra aðgengi að hagstæðu leiguhúsnæði.
- c.** Auðvelda verður launafólki aðgang að hagstæðum íbúðalánnum og tryggja framboð byggingarlóða.
- d.** Framboð og eftirspurn eiga að ráða húsnæðismarkaðinum og ríkið að halda sig fjarri.

5.

Í hvaða átt eigum við að þróa skattkerfið?

- a.** Auka skatta á laun yfir meðallaunum. Lágmarkslaun eiga að vera skattfrjálst.
- b.** Hætta skatta á hæstu laun og hækka persónuafslátt.
- c.** Hætta skatta á hæstu laun og hækka persónuafslátt.
- d.** Einstaklingurinn er best til þess fallinn að ráðstafa sínum tekjum. Þess vegna á að lækka skatta.



Smári Geirsson

Þegar jafnaðar- mannafélag gerði kjarasamning

Eins og annars staðar á landinu var náð samstarf milli verkalýðsfélaga og Alþýðuflokksins framan af tuttugustu öldinni en eftir kreppuna miklu slitnaði á milli. Á Fáskrúðsfirði urðu merkilegt hlutverkaskipti þar sem stjórn málaframboð tók yfir hluta af starfi verkalýðsfélagsins.

„Fyrsta verkamannafélag landsins var stofnað á Seyðisfirði árið 1896. Það þurfa ákveðnar forsendur að vera til staðar svo verkalýðsfélög verði til. Í fyrsta lagi verða verkalýðsfélög til í þéttbýli og í öðru lagi þarf ákveðinn lágmarksfjöldi að vera til staðar í tiltekinni starfsstétt. Verkalýðsfélagið á Seyðisfirði starfaði í ein tvö ár en lognaðist síðan út af. Upp úr aldamótunum verða síðan til ný félög í sjávarbyggðunum hér eystra: Fram á Seyðisfirði er stofnað 1904, Vinnufólksfélag Norðfjarðar 1905 og á Reyðarfirði er stofnað félag 1908,“ segir Smári Geirsson sem skrifaði Sögu norðfirskrar



Búðabörp með Franska spítalann í forgrunni. Mynd: Ljósmyndasafn Austurlands

verkalýðshreyfingar sem gefin var út 1993.

„Fyrstu félögin áttu gjarnan erfitt uppdráttar. Víða var erfitt að fá fólk til að vera í forsvari. Staða kaupmannanna, helstu atvinnurekendanna, var sterk. Þeir voru með útgerð og fiskvinnslu auk verslana og höfðu öll tök á fólki. Á þessum tíma voru laun til dæmis ekki greidd út í peningum heldur fékk fólk úttektarheimildir í verslunum atvinnurekendanna,“ útskýrir Smári.

Óskýrar línur

Árið 1914 voru einungis tvö verkalýðsfélög starfandi á Austfjörðum; Fram á Seyðisfirði og félagið á Reyðarfirði. Um þetta leyti var síðan Árvakur á Eskifirði stofnaður og einnig Starfandi í Nesþorpi. Í kjölfarið var síðan stofnað félag í Búðabörpi og Verkakvennafélagið Framtíðin á Eskifirði var stofnað 1918. Síðar átti félögunum

„Víða var erfitt að fá fólk til að vera í forsvari. Staða kaupmannanna, helstu atvinnurekendanna, var sterk.“

eftir að fjölga og brátt þótti sjálfsagt að verkalýðsfélag væri starfandi á hverjum þéttbýlisstað.

„Með stofnun Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins árið 1916 skýrðust hlutverk verkalýðsfélaganna og um leið var lögð áhersla á stofnun jafnaðarmannafélaga, sem ætlað var að beita sér á hinum pólitíska vettvangi. Skilin á milli verkalýðsfélaga og jafnaðarmannafélaga voru oft óskýr.

Þessi félög héldu oft sameiginlega fundi og gjarnan voru sömu einstaklingar í forsvari fyrir bæði félögin í viðkomandi byggðarlagi. Þar sem sterkir leiðtogar voru til staðar döfnuðu þessi félög gjarnan vel en ef forystan var veik áttu félögin erfitt uppdráttar,“ segir Smári.

Smári segir að sums staðar hafi jafnaðarmannafélögin orðið sterkari en verkalýðsfélögin. Í þeim var oft fólk sem ekki stundaði hefðbundin verkamannastörf og var því ekki eins háð atvinnurekendunum, til dæmis kennarar. Sumt af þessu fólki tók einnig virkan þátt í störfum verkalýðsfélaga. Dæmi um það er Jónas Guðmundsson í Neskaupstað. Hann var allt í senn, formaður verkalýðsfélagsins, formaður jafnaðarmannafélagsins, forseti bæjarstjórnar þar sem Alþýðuflokkurinn hafði meirihluta á árunum 1929-1938 og einnig framkvæmdastjóri atvinnufyrirtækja sem bærinn átti í. Þar að auki sat Jónas á þingi á árunum 1934-1937.

Þá var Jónas ritstjóri blaðsins Jafnaðarmannsins sem gefinn var út af Verklýðssambandi Austurlands á árunum 1926-1934. Tilgangur blaðsins var að kynna jafnaðarstefnuna og málstað verkalýðshreyfingarinnar og blaðið var mál gagn Alþýðuflokksins bæði við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

„Í sannleika sagt var ekki gerður mikill greinarmunur á hinni faglegu baráttu verkalýðshreyfingarinnar og hinni pólitíska baráttu jafnaðarmanna á þessum tíma. Þetta var allt ein samofin heild,“ bætir Smári við.

Erfitt að koma á samstarfi eystra

Fyrstu þreifingar um samstarf verkalýðsfélaga á Austfjörðum áttu sér stað árið 1916 en erfiðlega gekk að koma því á. Aftur var reynt að koma á samstarfi árið 1923 þegar Samband austfirskra

verkamannafélaga var stofnað en það lognaðist fljótt út af. Verkalýðssamband Austurlands er síðan stofnað árið 1926 og þá loksins hófst nokkurt samstarf sem varaði í nokkur ár. Tengsl sambandsins við Alþýðuflokkinn voru afar skýr og voru flokksmál gjarnan rædd á sambandsþingum. Tilgangur sambands verkalýðsfélaganna átti fyrst og fremst að tryggja aukinn styrk þeirra og samræma kaup og kjör ásamt því að stuðla að því að sjónarmið Alþýðuflokksins næðu inn í sveitarstjórnir.

„Í Neskaupstað urðu þessar deilur afar harðvítugar, þar voru menn til dæmis reknir úr verkalýðsfélaginu fyrir skoðanir sínar.“

Þegar kreppan gekk í garð leið starfsemi sambandsins undir lok og var ekki nýtt samband verkalýðsfélaga á Austurlandi stofnað fyrr en árið 1943. Nafn þess var Alþýðusamband Austfjarða. Þegar þarna var komið sögu höfðu öll formleg tengsl verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðuflokksins verið slitin.

„Á kreppuárunum urðu mikil átök innan verkalýðshreyfingarinnar,“ segir Smári. „Fram komu ný og róttæk kommúnisk viðhorf og urðu jafnaðarmannafélögin og einnig verkalýðsfélögin vettvangur mikilla deilna á milli kommúnista og jafnaðarmanna. Í Neskaupstað urðu þessar deilur afar harðvítugar, þar voru menn til dæmis reknir úr verkalýðsfélaginu fyrir skoðanir sínar. Að því kom að sósíalistar


höfðu betur í baráttunni innan verkalýðsfélagsins og þá var félaginu vikið úr Alþýðusambandi Íslands. Jafnaðarmenn á staðnum stofnuðu þá nýtt verkalýðsfélag og það hafði aðild að Alþýðusambandinu. Eftir að tengsl Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins voru rofin voru bæði þessi félög lögð niður og nýtt stofnað árið 1942. Átök sem þessi áttu sér stað í fleiri félögum hér eystra þó þau hafi ef til vill ekki verið jafn dramatísk.“

Verkalýðsfélag í framboð

Á þriðja og fjórða áratug tuttugustu aldarinnar höfðu verkalýðsfélög oft afskipti af sveitarstjórnarmálum og áttu til dæmis hlut að máli þegar frambjóðendur jafnaðarmanna voru valdir. Þetta breyttist þegar tengsl Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins voru formlega rofin.

Á Austurlandi þekktist þó að verkalýðsfélög hafi haft bein afskipti af sveitarstjórnarmálum.

Smári hefur á síðustu árum unnið að ritun sögu Fáskrúðsfjarðar og þar er að sjálfsögðu að finna merka verkalýðssögu. „Verkamannafélag Búðaþorps átti erfitt uppdráttar og starfaði slitrótt. Þar var stofnað Jafnaðarmannafélag árið 1930 og starfaði af krafti til að byrja



Forsíða fyrsta tölublaðs Jafnaðarmannansins. Mynd: Timarit.is

með. Fyrsti kaupgjaldssamningurinn á Fáskrúðsfirði var gerður árið 1931 og þá voru það atvinnurekendur og fulltrúar jafnaðarmannafélagsins sem undirrituðu hann. Þarna sést hve skilin á milli verkalýðsfélaga og jafnaðarmannafélaga voru óskýr,“ segir Smári.

Fyrsta verkalýðsfélagið sem stofnað var á Fáskrúðsfirði leið undir lok og þá var Verkalýðsfélag Fáskrúðsfjarðar stofnað árið

1935. Þetta félag tók sig til og bauð fram í sveitarstjórnarkosningum í Búðahreppi árið 1970. Framboðið átti góðu fylgi að fagna, fékk tvo fulltrúa af sjö í hreppsnefndinni og myndaði meirihluta í hreppsnefndinni með Sjálfstæðisflokknum.

„Skilin á milli
verkalýðsfélaga og
jafnaðarmannafélaga
voru oft óskýr.“

Í hreppsnefndarkosningum í Búðahreppi á árunum 1986, 1990 og 1994 var boðinn fram listi óháðra sem Eiríkur Stefánsson, formaður verkalýðsfélagsins á staðnum, var í forystu fyrir. Í fyrstu kosningunum fékk listinn einn fulltrúa kjörinn en tvo í seinni kosningunum.

Forsvarsfólk virkt í stjórnámálum

Smári er sjálfur er ekki ókunnugur sveitarstjórnarmálum. Hann sat í bæjarstjórn Neskaupstaðar og síðar Fjarðabyggðar auk þess að hafa farið fyrir

Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Hann segist aðspurður ekki muna til þess að verkalýðsfélög hafi beitt sér í kosningum á þeim tíma sem hann hafði afskipti af sveitarstjórnarmálum. „Hins vegar var forystufólk í verkalýðshreyfingunni stundum áberandi í stjórnmalabaráttunni fyrir ýmsa flokka og framboð. Forystufólkið var gjarnan félagslega virkt og tók þátt í stjórnámálum á sínum eigin forsendum. Þetta fólk flutti oft þekkingu sína frá verkalýðsaráttunni inn á vettvang sveitarstjórnarinnar enda þar oft fjallað um atvinnumál og lífskjör.“



Fólkið í AFLi

Agnar Karl Árnason

Trúnaðarmaður. 39 ára, starfsmaður í fiskimjölserverksmiðju Brims á Vopnafirði. Búsettur á Vopnafirði

Af hverju skiptir það þig máli að vera í AFLi?

Í fyrstu fyrstu langaði mig að skila hvernig starfið virkar og reyna að læra á það sem kemur upp hverju sinni. Ég hafði áhuga á fræðast um laun og réttindi fólks, meðal annars til að geta aðstoðað einstaklinga sem þurfa aðstoð með sín mál. Ég vil geta beitt mér í þessum málin til að standa vörð um kaup og kjör, að réttindi séu virt og ekki brotið á starfsfólki.



Til góðra verka

Sigurður Hólm Freysson



„Stundum verið sagður sameiningarsinni dauðans“

Sigurður Hólm Freysson hefur verið varaformaður AFLs Starfsgreinafélags í um tuttugu ár. Hann hefur komið víða við í félagsmálum, sat meðal annars í bæjarstjórn Eskifjarðar fyrir fyrstu sameininguna í Fjarðabyggð og var um tíma formaður Lífeyrissjóðsins Stapa. Í öllum þessum störfum hefur Sigurður komið að umfangsmiklum sameiningum. Þegar Sigurður situr ekki við fundarborð kann hann best við sig við spilaborðið.

„Ég er fæddur fram í Eyjafjarðarsveit, ólst upp í Hörgárdal, elstur sjö systkina. Við vorum ekki alltaf sammála þegar við vorum yngri en samkomulagið er orðið ágætt núna. Ég flutti síðan vestur á Sauðárkrók og var þar í rúm þrjú ár áður en ég kom austur á Eskifjörð til að vera á síldarvertíð. Ég ætlaði að vera í þrjá mánuði, lengdi það í sex og svo fór ég ekkert. Ég náði mér í konu frá Eskifirði, Höllu Sigurbórsdóttur – eða hún í mig. Síðan líkaði mér mannlífið á staðnum mjög vel.

Það var lítið að gera á Króknum þetta haust þegar við ákváðum nokkrir að fara á síldarvertíð. Það sem ég held að hafi ráðið því að ég hringdi á Eskifjörð eftir vinnu að ég hafði farið

um norðausturhornið og Austurland sumarið 1974 og fundist Eskifjörður langsnyrtilegasta plássið á öllu svæðinu.“

Eins og tíðkaðist í þá daga bjó Sigurður á verbúð. „Það var mjög skemmtilegt. Við vorum tveir eða fjórir í herbergi, eftir því hversu margir voru í vinnu. Þarna var fullt af söltunarplönunum og 2-3 fiskverkanir fyrir utan frystihúsið. Ég man að eitt sinn móðgaðist Þorsteinn Kristjánsson, nú eigandi Eskju, við mig á föstudegi og rak mig af síldarplaninu. Á mánudeginum var ég byrjaður að vinna á vélaverkstæði frystihússins.“

Þessi vistaskipti urðu á vissan hátt gæfuspor fyrir Sigurð. „Einhverjum árum eftir að ég kom í smiðjuna ákvað ég að fara í Verkmenntaskólann og læra járnsmíði. Ég var svo heppinn að hafa gamalt bændaskólapróf í pokahorninu sem fleytti mér það langt að ég þurfti bara að vera einn vetur í skóla.“

Vorið 2002 keypti Vélsmiðjan Hamar vélaverkstæði Hraðfrystihúss Eskifjarðar. „Ég fylgdi með. Ég var þar til áramótanna 2014-15 þegar ég færði mig til Alcoa Fjarðaáls,“ segir Sigurður um starfsferilinn.

Bylting að stofna iðnaðarmannadeild

Hann kveðst hafa dregist inn í verkalýðsbaráttuna fyrst um miðjan níunda áratuginn. „Iðnaðarmenn víða um land voru landlausir á þessum tíma. Við fengum ekki réttu þjónustuna frá verkamannafélögunum svo við gengum í Málm- og skipasmiðafélag Neskaupstaðar. Okkur fannst við heldur ekki fá næga þjónustu þar heldur. Svo gerist það seint á níunda áratugnum að leyft er að stofna iðnaðarmannadeildir í verkamannafélögunum. Það var gert á Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði. Hrafnkell A. Jónsson var þá formaður



Frá síðasta stjórnarfundum AFLs.

„Eins merkilegt og það var þá voru bæjarfulltrúarnir sammála mér um að meirihlutinn væri ómögulegur!“

Árvakurs á Eskifirði og ég fór að eiga samtöl við hann um stofnun deildarinnar. Hún var algjör bylting og mögulega upphafið að því sem síðar varð í öllum þessum sameiningum. Það kom ný vidd inn í félagið. Þetta gekk vel því Samband iðnfélaga (Samiðn) studdi þetta frá byrjun. Ég tók þátt í stjórn deildarinnar en varð ekki formaður fyrr en um miðjan áratuginn, það voru alltaf einhverjir góðir sem tóku það hlutverk að sér.

Samhliða þessu vorum við að baksa í að berja upp kaupíð okkar. Við vorum það þroskaðir að við tókum allan hópinn frekar

en standa í því einn og einn enda fáir. Mig minnir að það hafi verið 1986 sem við náðum að gera mjög fínan samning sem skilaði okkur 25-30% kauphækkun. Ég held ég eigi það plagg enn.

Það var yfirleitt brjáláð að gera. Ég man eftir að þegar byrja mátti að veiða loðnu á leið eftir loðnuleysið 1982-3 var nýbúið að segja okkur upp yfirvinnunni. Áður en það tók gildi var tilkynnt um kvótann. Við vorum kallaðir til fundar og beðnir að vinna mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá 8-22, til 18 á föstudögum, laugardaga 16-18 og helst sunnudaga líka. Þetta byrjaði um mánaðamótin júlí/ágúst og gekk svona fram í mars. Svona myndi maður ekki gera í dag en þarna höfðum við ekki gert þennan fína samning.“

Fannst sameiningin í Fjarðabyggð nauðsynleg

Samhliða verkalýðsbaráttunni fór Sigurður að skipta sér af bæjarpólitíkinni á Eskifirði. „Ég var ósáttur við meirihlutann í bæjarstjórn Eskifjarðar 1986-90. Undir



lok kjörtímabilsins sá ég auglýsingu frá Framsóknarfélaginu þar sem boðað var til fundar, meðal annars um framboðsmál. Fram að því hafði ég ekki skipt mér af málunum en hugsaði með mér að ég ætlaði á fundinn. Þar skipti ég mér áfram af og spurði – eins merkilegt og það var þá voru bæjarfulltrúarnir sammála mér um að meirihlutinn væri ómögulegur!

Daginn eftir hringdi síðan formaður Framsóknarfélagsins í mig og bað mig um að taka annað sæti listans. Áður en ég tók það spurði ég konuna leyfis og fékk að minnsta kosti ekki nei. Um vorið fengum við þrjá fulltrúa og gerðum samkomulag við Alþýðuflokkinn og Alþýðubandalagið um meirihluta sem taldi þá fimm fulltrúa af sjö. Það kom sér prýðilega því Framsóknarfélagið missti einn mann í kosningunum 1994 í klofningsframboðs.“

Meirihlutinn hélt því áfram og náði að ljúka stóru verki þegar Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur sameinuðust.

„Ég var sannfærður um að sameiningin væru rétt og nauðsynleg. Þegar maður fór

„Ég er ekki endilega hrifinn af sameiningum en ég hef talið þær nauðsynlegar.“

að horfa af alvöru á hvernig byggja ætti upp atvinnulífið til framtíðar fyrir svæðið þá gekk það ekki miðað við þáverandi skipan. Á þessum tíma var Norsk hydro að velta fyrir sér álveri í Reyðarfirði og ég held að það hafi ýtt mest á sameininguna. Ég held að margir íbúar hafi séð þetta, en svo voru einhverjir mótfallnir sameiningu. Það er eins og gerist.

Mest var talað um um skuldastöðu sveitarfélaganna, að aldrei yrði hægt að borga skuldir sumra þeirra. Þær voru kannski ekki svo frábrugðnar frá einum stað til annars. Það sem hleypti umræðunni einna helst upp var að bærinn átti frá eldgamalli tíð hlutabréf í Eskju sem þarna voru orðin mjög verðmæt. Þeir sem töluðu gegn sameiningunni sögðu að við ættum

frekar að byggja upp okkar eigið sveitarfélag vel með þeim peningum. Þeir hefðu aldrei dugað einir og sér. Ég held að það sjái það allir nú tæpum 25 árum síðar að þeir peningar hefðu aldrei skilað okkur langt.

Á köflum var þetta áróðursstríð. Við höfðum með okkur í liði reynda fjölmiðlamenn. Þegar sundrungarfréttir komu úr sveitarfélögum sem höfðu verið sameinuð áttum við tilbúnar tvær fréttir um hverju sameining hefði skilað.“

Lítið mál að fylgja Sigmundi

Sigurður gaf ekki kost á sér áfram til setu í bæjarstjórn en varð formaður Framsóknarfélagsins í nýju sveitarfélagi. Hann hefur verið viðloðandi það alla tíð síðan þótt hann hafi flutt sér yfir í Miðflokkinn með formanninum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni haustið 2017. „Það var ekkert vandamál að fylgja honum eftir, nema síður sé. Mér finnst hann standa fyrir vandvirkni og dugnað og vera maður orða sinna, gera það sem hann segist ætla að gera. Ég hef enn mikla trú á honum.

Ef horft er á stjórnarsáttmálann sem gerður var 2013 held að ansi margir Sjálfstæðismenn hafi orðið gramir yfir hve mikið var neglt niður í honum og síðan gert,“ segir Sigurður sem var einn af þeim sem hvöttu Sigmund upphaflega til að gefa kost á sér til formennsku í Framsóknarflokknum 2008 en flokkurinn var þá í tilvistarkreppu. Hann rifjar upp að fjögurra manna hópur hafi litist vel á Sigmund og það leitt til þess að honum var boðið austur þá um haustið til fundar í Austrasalnum á Egilsstöðum. Sigmundur hefur sjálfur vísað til þessa baklands og fundar sem upphafs hans pólitíska ferils. „Við sögðum honum upphaflega við værum nokkrir sem ætluðum að hitta hann. Ég og Einar Birgir Kristjánsson sóttum hann út á flugvöll og fórum með hann beint í Austrasalinn. Þar voru þá mættir 50 manns.

Það var margt merkilegt við þennan fund, ég fékk meira að segja vera fundarstjóri hjá Framsóknarfélagi Fljótsdalshéraðs!“ rifjar Sigurður upp hlægjandi.

Skemmtileg vinna þegar AFL varð til

Sigurður útskýrir að hann hafi ekki haft mikinn tíma í annað félagsstarf eða áhugamál þau átta ár sem hann sat í bæjarstjórninni. Þegar hann hætti þar fór hann aftur í félagsmálin. „Mig minnr ég hafi orðið varaformaður Árvakurs þegar Hrafnkell flutti upp í Hérað. Þá datt ég einhvern vegin á bólakaf í þetta.“

Í byrjun árs 2001 voru verkalýðsfélögin frá Vopnafirði til Fáskrúðsfjarðar sameinuð undir merkjum AFLs og kom Sigurður að þeirri vinnu, þá orðinn formaður Árvakurs. „Hún gekk frekar erfiðlega þar til við urðum sammála um að fá Hrafnkel til að stýra verkinu og eftir það gekk ágætlega.“

Sigurður varð ritari hins nýja félags en var ekki lengi í stjórninni í fyrstu. „Ég var lengi á öndverðu meiði við þáverandi formann. Í aðdraganda þings 2002 reyndi ég að tefla fram lista gegn honum og sendi mann á Egilsstöðum til að tala við Hrafnkel fyrir mig. Sennilega hefði hann tekið slaginn hefði ég talað við hann sjálfur en þegar hann vildi ekki vera með hætti ég við allt og fannst réttast að halda ekki áfram í stjórninni. Svo var hringt í mig ári síðar og ég dekstraður í þetta aftur, þá sem varaformaður.“

Sigurður varð síðan formaður í stuttan tíma, frá vori 2006 þar til núverandi AFL varð til með sameiningu við Vökul stéttarfélag árið 2007. Síðan hefur Sigurður verið varaformaður. „Mér fannst vinnan við seinni sameininguna mikið skemmtilegri. Þarna voru tvö öflug félög sem töldu sig eiga fullt inni og þeirra fulltrúar voru tilbúnir að takast á til að þeirra hlutur yrði ekki skertur.“

Sameining lífeyrissjóðanna happadrjúg

Í tengslum við starfið fyrir verkalýðsfélögin tók Sigurður sæti í stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands. Hann kom fyrst inn í stjórn sjóðsins 2003. Sjóðurinn sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands undir merkjum 2007 og sat Sigurður í stjórn Stapa til 2012, um tíma sem formaður. „Vinnan við þá sameiningu var líka mjög skemmtileg. Það óx sumum í augu að vera með félagssvæði allt frá Hrutafjarðarbotni, suður fyrir Skeiðará en þetta hefur reynst mjög happadrjúg sameining.“

Setan í stjórnnum lífeyrissjóðanna hefur

„Þegar ég hætti í sveitastjórninni datt ég einhvern vegin á bólakaf í verkalýðsmálin.“

stundum tekið á. Á aðalfundinum sem Sigurður kom inn í aðalstjórn Lífeyrissjóðs Austurlands hætti öll fyrri stjórn í einu eftir harðvítugar deilur um fjárfestingar sjóðsins. Stapi var síðan bara árs gamall þegar hrúnið skall á. Stærsta högg Stapa í því var þegar tæplega fjögurra milljarða krafa í þrotabú Straums-Burðaráss tapaðist þar sem lögfræðistofa sjóðsins skilaði henni ekki inn á réttum tíma.

„Það var ekki alltaf skemmtilegt að vera í stjórnarformaður lífeyrissjóðs á þessum tíma. Þessir milljarðar töpuðust á einum morgni. Það sem var verst var að framkvæmdastjóri sjóðsins hringdi í mig og ég hélt að eitthvað alvarlegt hefði komið, annað en að tapast hefðu peningar, því ég vissi að hann var í fríi með fjölskyldunni. Hann var algjörlega niðurdreginn.“



Stjórn mála- prófið

6.

Er spilling vandamál á Íslandi?

- a. Já, landið er gerspillt og á því verður að taka.
- b. Já, til að ná tökum á vandanum verður að efla eftirlitsstofnanir.
- c. Ekki stórvandamál, en skerpa þyrfti reglur um viðskipti og fleira.
- d. Nei, en það sama verður ekki sagt um kröfur og afskipti eftirlitsstofnana.

7.

Hvað finnst þér um Ísland og alþjóðasamvinnu?

- a. Alþjóðastofnanir ganga erinda auðvaldsins. Þess vegna er okkur best borgið utan þeirra.
- b. Fjölbjóðleg samvinna er undirstaða friðar og framfara. Þess vegna eigum við að vera með.
- c. Regluverk alþjóðastofnana skerðir fullveldi þjóða og leggur stein í götu framtakssamra einstaklinga. Þess vegna er okkur best borgið utan þeirra.



Sigurður Hólm flytur ræðu á 1. maí dagskrá AFLs árið 2013.

Það var ýmislegt gert til að reyna að endurheimta þessa fjármuni en það tókst aldrei. Sjóðurinn var búinn að senda öll sín gögn einum og hálfum mánuði fyrir skiladag en svo skilaði lögfræðistofan engu fyrr en þremur dögum eftir frestinn. Ég held að þetta hafi verið taktík hjá lögfræðingunum að skiptast á að skila ekki inn kröfum fyrr en eftir skilafrest og þannig áttu þeir alltaf hönk upp í bakið hver á öðrum. Þarna voru hins vegar óvart of margir erlendir kröfuhafar sem sögðu einfaldlega að þetta væri skiladagurinn.

Það var mjög hávær krafa um að gera skýrslu um hvernig lífeyrissjóðirnir fóru út úr hruninu sem varð til þess að Alþingi skilaði nefnd. Í skýrslu hennar sagði að Stapi hefði tapað 29 milljörðum en samt stækkaði efnahagsreikningur sjóðsins á sama tíma um 270 milljónir. Ég hef aldrei fengið þetta til að koma heim og saman. Ég geri mér grein fyrir að það töpuðust peningar inn í framtíðina en veit ekki hvernig hægt var að reikna það. Mér þætti

„Ég stend í þeirri trú að lífeyrissjóðakerfið sé vel rekið.“

gaman ef það yrði gerð skýrsla í dag sem segði hve mikið af því fé sem tapaðist hefur verið endurheimt því það hefur ávaxtast gríðarlega síðan.“

Lífeyrissjóðirnir eiga ekkert heldur sjóðsfélagarnir

Lífeyrissjóðirnir liggja reglulega undir ámæli fyrir mislukkaðar fjárfestingar, háan rekstrarkostnað, að skila ekki tilætluðum árangri, fyrir að liggja á peningum sem betur væru notaðir til að styrkja efnahagslífið strax. Síðustu vikur hafa þó borist jákvæðari fregnir af sjóðunum um hækkandi hlutfall endurgreiðslna

og frábæra útkomu íslenska kerfisins í alþjóðlegum samanburði.

„Aðalatriðið er að lífeyrissjóðirnir eiga ekki neitt heldur við, einstaklingarnir, þótt það sé alltaf talað á hinn veginn. Greiðslurnar í sjóðina byggja á kjarasamningum, þetta er hlutfall af launum og svo er unnið eftir lofordinu um að sjóðurinn greiði 56% af meðalævitekjum, þótt ég held að flestir greiði hærra. Ég held að kerfið sé mjög gott og engin hætta á að einstaklingurinn fái ekki til baka það sem hann hefur lagt fyrir. Hve mikið veltur á hvað hann hefur lagt til í gegnum tíðina. Þeir sem byrja að greiða í sjóðina 20-25 ára í dag og gera það næstu fjórtíu árin verða með full réttindi eftir að hafa greitt í sjóðina alla starfsævina. Það er aðeins annað en var með þá sem byrjuðu að greiða í sjóðina þegar kerfinu var komið á árið 1968.

Eignir sjóðanna eru einhverjir 6-7 þúsund milljarðar sem er auðvitað mikið í íslensku samhengi. Fyrir hrun voru 35-37% eigna sjóðanna erlendis, það fór niður í 25% en er komið aftur í 35-38% og ég held að það sé komin heimild fyrir því að fara með 50% eignanna erlendis. Upphaflega voru sjóðirnir meira en 80 talsins, nú eru þeir í kringum tuttugu. Ég held að það væri í lagi þótt þeim fækkaði niður í fimm eða sex.

Ég held að fólk í stjórnum sjóðanna sem og stjórnendur vandi sig alveg gríðarlega. Ég stend í þeirri trú að kerfið sé vel rekið en það kostar sitt. Eftir hrúnið jukust kröfurnar og þá þurfti að bæta við starfsfólki sem aftur hækkaði rekstrarkostnaðinn.

Ég að fjöldi Íslendinga borgar í erlenda sjóði eins og Axa Sun Life eða Allianz. Þeir sjóðir tapa líka, eins og aðrir sem höndla með fjármagn. Þetta er ekki öðruvísi en ég eða þú eigum hlutabréf, vonandi vinnum við oft en við töpum. Mestu tapár sjóðanna voru frá 1973-6. Sjóðirnir voru þá margir en litlir og vanmáttugir og verðbólga mikil.“

Um hvað á að semja við ríkið?

Þegar tal okkar berst að samblandi stjórnmalanna og verkalýðshreyfingarinnar tekur Sigurður fram að hann vilji alls ekki sjá pólitískan verkalýðsflokk.

„Fólkið í verkalýðsfélögunum er þverskurður af fólkinu í landinu. Inni í stjórnmalaflokkunum getur verið fólk sem vill sjá öflug verkalýðsfélög en líka aðrir sem vilja alls ekki sjá þau.

Ég hef þó stundum velt því upp þegar gerðir eru kjarasamningar um hvað við eigum að semja við ríkið og hvort það standi við það sem samið er um. Stundum hefur verið full ástæða til að segja upp kjarasamningum miðað við hin svokölluðu rauðu strik, yfirleitt út af einhverju sem stendur út af hjá ríkinu. Því hef ég spurt hvort við ættum ekki að byggja kröfur okkar á hendur atvinnurekendum og þrýst síðan á stjórn málin að standa sig.

Ríkið þarf og á að vera mikilvægur aðili í kjaramálum, hvort sem samið er beint við það eða ekki. Fólkið sem vinnur í stjórnmalunum og ætlar að stjórna landinu gerir það aldrei almennilega nema þessir hlutir séu í lagi. Þess vegna finnst mér ekki eiga að þurfa að eyða svona hrikalega mikilli orku í að þvinga fram samkomulag um það sem ég tel að eigi að gera ef við viljum reka fyrirmyndar þjóðfélag.“

Allir velkomnir í bridds

Það er farið að líða á þennan þriðjudag sem við Sigurður sitjum og tölum saman á skrifstofu AFLs á Reyðarfirði. Myrkið er skollið á og hann veltir fyrir sér hvort það borgi sig fyrir hann að fara á Eskifjörð til þess að fá sér kvöldmat áður en hann þarf aftur á Reyðarfjörð til að spila bridds.

„Við hittumst hér klukkan 19:30 alla þriðjudaga í sal eldri borgara, spilarar allt frá Borgarfirði suður til Stöðvarfjarðar.


Við byrjum að spila í september og gaufumst við fram í maí. Yfirleitt náum við 4-7 borðum á hverju kvöldi. Þangað eru allir velkomnir. Við viljum gjarnan fá fleiri spilara og höfum því annað slagið

staðið fyrir briddsnámskeiðum,“ segir Sigurður sem er formaður Briddsfélags Fjarðabyggðar.

Þegar hann er spurður um hvernig hann hafi byrjað að spila segir hann frá

Fyrir alþýðu á Alþingi

Eðvarð Sigurðsson



Eðvarð Sigurðsson vann ýmis verkamannastörf þar til hann gerðist starfsmaður

Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

árið 1944. Hann hafði þá tekið sæti í stjórn félagsins og varð síðan formaður 1961-1982. Hann var einnig fyrsti formaður Verkamannasambands Íslands 1964-75. Hann sat í nefnd sem undirbjó lög um atvinnuleysistryggingar 1956 og tók sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar hann var stofnaður sama ár. Eðvarð sat á þingi fyrir Alþýðubandalagið í Reykjavík frá 1959-1979.

Á stríðsárunum var hann handtekinn og hafður í fangelsi í nokkrar vikur, ásamt fleirum, fyrir að hafa dreift bréfi á ensku meðal breskra hermanna þar sem þeir voru beðnir um að ganga ekki í störf íslenskra verkamanna sem voru í verkfalli.

Eðvarð bjó í síðasta torfbæ Reykjavíkur þar til hann var rifinn árið 1980.

Því að sem unglingur hafi hann verið í heimavistarskóla í Eyjafjarðarsveit og þar hafi karlarnir úr sveitinni hist á sunnudögum til að spila. Unglingarnir hafi aðallega fengið að horfa á og sjálfur hafi hann snúið sér að skákinni. Þannig hafi hann á Sauðárkróki endurreist taflfélagið ásamt nokkrum vinum sínum.

Á Króknum komst hann einnig í kynni við golf sem hann stundar enn reglulega. Hann segir frá því að hann hafi átt dráttarvél og sláttuvél en golfarar á Sauðárkróki aðeins sláttuvél sem þeir kunnu lítið á. Úr hafi verið að hann hafi dregist inn í umhirðu vallarins og því farið að spila golf.

Silfurmerki Skíðasambandsins

Sigurður hefur líka komið nálægt skíðum og verið heiðraður fyrir þau störf sín.

„Þegar við konan fórum að eignast börn vildi hún endilega koma þeim á skíði og ég fór með henni í það. Dætur okkar þrjár urðu frambærilegar skíðamanneskjur. Ég er að mestu hættur þótt ég hjálpi enn til þegar mót eru haldin.

Fyrir nokkrum árum var haldið skíðaþing á Egilsstöðum. Félagar mínir voru alltaf að biðja mig um að koma með á þingið en mig langaði ekki til þess. Ég þurfti að vera á fundi í Reykjavík og þeir vildu vita hvenær ég kæmi aftur austur. Það var ekki mikið mál að komast að því og ég lofaðist til að líta við á þinginu þegar ég væri lentur.

Þegar ég hef setið með þingfulltrúunum smá stund er byrjað að veita orður og þá er ég kallaður upp og afhent silfurmerki Skíðasambandsins. Ég varð mjög undrandi á því en fannst það afar skemmtilegt.“

Verkalýðshreyfingin verður að stilla sig saman

Aðspurður um mestu áskoranir

verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum svarar Sigurður því til að tryggja þurfti samstöðuna. „Fyrst og síðast þarf verkalýðshreyfingin að stilla sig saman. Hún er eins og sundurlaus her út um allt. Starfsgreinasambandið hefur verið klofið í tvennt í kjarasamningum í 20 ár, síðan koma atvinnurekendur og smala okkur í sömu réttina tveimur dögum áður en skrifa á undir. Á þessu þarf að ná stjórn og það gerist ekki nema menn tali saman. Milli allra sambanda iðnaðarfélaga hefur mikil samvinna verið um síðustu tvönnu

kjarasamninga auk þess sem skrifstofur allra iðnaðarmannafélaganna eru nánast í sömu húseigninni í dag. Það hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum.

Eins merkilegt og það er þá er ég í aukinni samvinnu. Ég er ekki endilega hrifinn af sameiningum en ég hef talið þær nauðsynlegar. Það hefur verið sagt við mig að ég sé sameiningarsinni dauðans, hvar sem ég komi þurfi að sameina allt. Það hefur hins vegar aldrei verið ætlunarverk, verkin hafa bara komið til manns og mér fundist ég þurft að leggja þeim lið.“

Fólkið í AFLi

Auður Ágústsdóttir

Varamaður í stjórn AFLs og trúnaðarmaður. 38 ára, starfsmaður á leikskólanum Bjarkatúni á Djúpavogi þar sem hún er búsett.




Af hverju byrjaðir þú að starfa innan AFLs?

Ég var kosin trúnaðarmaður starfsmanna leikskólans. Í kjölfarið fór ég að sýna réttindamálum áhuga og í framhaldinu var ég kosin varamaður í stjórn. Ég tek þátt í starfinu til að verða upplýstari um kjaramál og önnur réttindi félagsmanna.

Hver eru þín áherslumál í starfi AFLs?

Launamál, jafnrétti kynjanna, orlofsmál og almennt að reyna að láta gott af mér leiða.



Stjórnmalaprófið

Stigagjöf: a) = 1 stig, b) = 3 stig, c) = 5 stig, d) = 7 stig

Hvað þýða stigin:

7-13 stig:

Þú ert sósíalisti. Sagt er að allir séu jafnir fyrir guði, ríkið eða samneyslan er þinn guð. Skattkerfið er nýtt til að jafna út, allir eiga alltaf að sitja við sama borð og hafa jafnan aðgang að gæðunum.

27-39 stig:

Þú ert hægri krati. Fólk verður að hafa fyrir því að komast af og lifa á eigin verðleikum, einkaframtakið er eftir allt drifkraftur samfélagsins. Í stjórnarskránni stendur að allir eigi að vera jafnir fyrir lögnum en þá verður ríkið líka að standa sig í að setja þau. Alla vega þau sem henta þér.

14-26 stig:

Þú ert vinstri krati. Leitast skal við að jafna þjóðfélagið sem mest, til dæmis með skattkerfinu, enda stendur einhvers staðar í stjórnarskránni að allir skuli vera jafnir. Örlítill einkarekstur hefur þó engan drepið – að minnsta kosti ekki marga.

Fleiri en 40 stig:

Þú fylgir frjálshyggjunni. Fram frjálsir menn í þúsund löndum – var það ekki? Eða öllu heldur hver er sinnar gæfu smiður. Ríkið er ekki til annars en hirða fjármagn og letja framtakssama einstaklingana, í versta falli reyna stöðugt að setja stein í götu þeirra eða fella þau með nýjum reglum og dýru eftirliti.



Til góðra verka